



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson segir engu líkara en að Glanni glæpur sé orðinn fjármálaráðherra. **12**



LÍFIÐ Líf og fjör á frumsýningunni á leikritinu um Línu Langsokk í Borgarleikhúsinu. **18**



SPORT Sigrún Ella Einarsdóttir lék sinn fyrsta landsleik gegn Ísrael á laugardaginn. **21**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

15. september 2014

216. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fríðlýst vegna fuglalífs

Reykjavíkurborg stefnir að því að fríðlýsa Akurey en mikilvægt lundavarp er á eyjunni. **10**

Trúir ekki ummælum Formaður dómstólaráðs efast um að ummæli fyrrverandi starfsmanns sérstaks saksóknara um dómara séu sönn. **2**

Priðji Vesturlandabúinn tekinn af lífi David Cameron segir að félagar í Íslömsku ríki séu skrímsli. **4**

Kynntu stefnuna Samfylkingin hefur áhyggjur af stöðu kvenna á atvinnumarkaði. **6**

Vísbendingar um að launamunur kynjanna aukist

Könnun bendir til að kynbundinn launamunur félagsmanna í Starfsmannafélagi ríkisins sé að aukast á ný. Á sama tíma dregur úr launamun hjá Reykjavíkurborg. Formaður SFR segir þörf á aðgerðum af hálfu ríkisins.

ATVINNUMÁL Samkvæmt nýrri launakönnun er kynbundinn launamunur félagsmanna innan Starfsmannafélags ríkisins (SFR), eins stærsta stéttarfélags á Íslandi, að aukast. Óleiðréttur launamunur er 21 prósent. Meðalheildarlaun karla eru 469.885 en meðalheildarlaun kvenna eru 369.446.

Kynbundinn launamunur heildarlauna, það er þegar tekið hefur verið tillit til ýmissa þátta sem áhrif hafa á laun, mælist 10 prósent en mældist 7 prósent í fyrra og 10 prósent þar áður. Þó ber að taka fram að breyt-



ÁRNI STEFÁN JÓNSSON

ingarnar eru innan skekkjumar frá síðustu könnun. Capacent Gallup gerði könnunina í febrúar og mars en spurt var um laun 1. febrúar. „Frá árinu 2007 hefur þessi munur verið allt frá 11 prósentum og farið allt niður í 7 prósent. Þá finnst mér athyglisvert núna að hann hefur hækkað aðeins,“ segir

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR. „Við höfum verið að reyna að fá ríkið til þess að reyna að gera einhverjar ráðstafanir og það virðist ekki skila sér. Núna þegar maður skoðar þetta þá virðast þetta vera einhverjar viðbótargreiðslur sem eru að koma til,“ segir Árni Stefán.

Hann segist ekki geta samþykkt að munurinn stafi eingöngu af því að karlmenn séu hardari í launaviðtölum og kallar eftir sérstökum aðgerðum til að breyta þessum launamun. „Ég get alveg fullýrt það að ríkisvaldið, sem er stærsti vinnuveit-

andinn okkar, er ekki að taka þátt í alvarlegum ráðstöfunum til þess að takast á við þetta,“ segir Árni Stefán.

Hjá Reykjavíkurborg er óleiðréttur launamunur kynjanna um 11 prósent en hefur verið um 16 prósent undanfarin ár. Sá munur er því að minnka. Karlar í fullu starfi eru með 446 þúsund krónur á mánuði en konur 395 þúsund. Kynbundinn launamunur heildarlauna, þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta, er 6 prósent en hefur verið um 8-10 prósent undanfarin ár.

andinn okkar, er ekki að taka þátt í alvarlegum ráðstöfunum til þess að takast á við þetta,“ segir Árni Stefán.

Hjá Reykjavíkurborg er óleiðréttur launamunur kynjanna um 11 prósent en hefur verið um 16 prósent undanfarin ár. Sá munur er því að minnka. Karlar í fullu starfi eru með 446 þúsund krónur á mánuði en konur 395 þúsund. Kynbundinn launamunur heildarlauna, þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta, er 6 prósent en hefur verið um 8-10 prósent undanfarin ár.

Hjá Reykjavíkurborg er óleiðréttur launamunur kynjanna um 11 prósent en hefur verið um 16 prósent undanfarin ár. Sá munur er því að minnka. Karlar í fullu starfi eru með 446 þúsund krónur á mánuði en konur 395 þúsund. Kynbundinn launamunur heildarlauna, þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta, er 6 prósent en hefur verið um 8-10 prósent undanfarin ár.

Hjá Reykjavíkurborg er óleiðréttur launamunur kynjanna um 11 prósent en hefur verið um 16 prósent undanfarin ár. Sá munur er því að minnka. Karlar í fullu starfi eru með 446 þúsund krónur á mánuði en konur 395 þúsund. Kynbundinn launamunur heildarlauna, þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta, er 6 prósent en hefur verið um 8-10 prósent undanfarin ár.

- jhh / sjá síðu 4



Bolungarvík	9°	S	10
Akureyri	15°	S	8
Egilsstaðir	16°	S	8
Kirkjubæjarkl.	11°	S	5
Reykjavík	9°	SV	7

Víða væta einkum S- og V-til. S- eða SV-læg átt 5-13 m/s. Hiti að 20 stigum NA-til en 9-12 stig V-lands. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Baðherbergi | Fólk



PRINSESSAN Skemmtiferðaskipið Royal Princess kom til Reykjavíkur í gær. Skipið er nýlegt en Katrín, hertogaynja af Cambridge, nefndi það í fyrra. Skipið er 330 metrar á lengd og getur tekið 3.600 farþega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bjartsýnn á seinni árshelmingi:

Vonast eftir rekstrarafgangi

VIÐSKIPTI Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar, vonast til þess að stofnunin verði áfram rekin réttum megin við núllið það sem eftir er ársins. Eins og greint hefur verið frá nemur hagnaður Byggðastofnunar á fyrri helmingi ársins 75 milljónum króna en var 184 milljónir á sama tíma í fyrra.



ÞÓRODDUR BJARNASON

„Ástædan fyrir því að stofnunin er í plús núna fyrstu sex mánuðina og verður það að óbreyttu um áramót er að það eru minni færslur á afskriftar-reikningi vegna þess að fyrirtæki á starfssvæði Byggðastofnunar standa betur,“ segir Þóroddur.

- fb / sjá síðu 6

Hægri stjórn Fredriks Reinfeldt felld í þingkosningum í Svíþjóð í gær:

Enginn meirihluti í sjónmáli

SVÍÞJÓÐ Svíþjóðardemókratar, hægri flokkur þjóðernissinna, er orðinn þriðji stærsti flokkurinn á sænska þinginu. Hann hlaut þrettán prósent atkvæða í þingkosningum í gær og fimmtíu þingsæti.

„Ef sænska þjóðin gefur stjórnsmálaflokk 13 prósent þá er ekki hægt að hunska slíkan flokk. Það væri ólýðræðislegt,“ sagði Richard Jomshof, einn þingmanna

Svíþjóðardemókratanna. „Við munum halda áfram að vaxa.“

Kjösendur felldu hægri stjórn Fredriks Reinfeldt, þannig að nú kemur það í hlut Stefans Löfven, leiðtoga Jafnaðarmanna, að mynda nýja ríkisstjórn.

Par verður honum vandi á höndum, því vinstri flokkarnir hafa ekki náð meirihluta þrátt fyrir tap hægri stjórnarinnar.

50 þingsæti koma í hlut Svíþjóðardemókrata.

Svíþjóðardemókratarnir koma í veg fyrir meirihluta beggja flokkanna, en enginn annar flokkur hefur viljað sjá það að starfa með Svíþjóðardemókrötum.

- gb / sjá síðu 8

Heilbrigðar tennur

Flux Fluormunnskol

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

Fjölvítamín með steinefnum

hámarks upptaka næringarefna

now EVE SUPERIOR WOMEN'S MULTI

now

Gæði • Hreinleiki • Virkni

SPURNING DAGSINS



Katrín, er þetta kómedía á Alþingi?

Ef þetta er kómedía, þá er þetta tragikómedía.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, segist velja því fyrir sér hvort ríkisstjórnin sé að setja á svið leikrit með hækkun matarskatts í nýju fjárlagafrumvarpi.

Verjandi taldi ekki eðlilegt að sálfræðingur mæti hvort áfallastreituröskun væri afleiðing kynferðisbrots:

Hafna matsmanni í nauðgunarrannsókn

DÓMSMÁL Hæstiréttur Íslands staðfesti dóm Héraðsdóms Vestfjarða um að hafna beiðni Lögreglunnar á Vestfjörðum um að dómskvaddur matsmaður verði skipaður í nauðgunarmáli sem embættið hefur til rannsóknar.

Lögreglan fór fram á að dómskvaddur sálfræðingur myndi meta hvort fórnarlamb í nauðgunarmáli sem er til rannsóknar hjá lögreglu hafi einkenni áfallastreituröskunar. Einnig átti matsmaðurinn að meta hversu líklegt það væri að áfallastreituröskunin væri orsök nauðgunarinnar.

Lögmaður hins ákærða gerði hins vegar athugasemdir við orðalag spurningarinnar.

Ekki væri eðlilegt að matsmaður svaraði hvort áfallastreituröskun væri afleiðing nauðgunar.

Í dómi Héraðsdóms segir að ekki sé þörf á, þegar liggja fyrir mat sálfræðinga á ástandi stúlkunnar þar sem segir: „Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfallsins samsvörðu einkennum sem eru þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir.“

Dómari mat það svo að ekki væri nauðsynlegt að skipa dómskvaddan matsmann til þess að hægt væri að meta sekt eða sakleysi í málinu.

-ih



HÆSTIRÉTTUR Dómarar í Hæstarétti staðfestu dóm Héraðsdóms Vestfjarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MIKILL STUÐNINGUR Stuðningsmenn hópuðust saman til þess að hylla frambjóðanda sinn í kosningunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar í Brasilíu fara fram í byrjun október:

Stuð á stuðningsmannafundi

Stuðningsmaður Marinu Silvu, forsetaframbjóðanda sósíalísta-flokksins í Brasilíu, hrópar á kosningafundi í Ceilandia í Brasilíu. Kosningafundurinn fór fram í gær og var fjölsóttur, en forsetakosningarnar munu fara fram þann 5. október næstkomandi.

-jhh

Hæstiréttur Norður-Kóreu:

Dæmdur til sex ára þrælkunar

NORÐUR-KÓREA, AP Hæstiréttur Norður-Kóreu hefur dæmt bandarískan ríkisborgara á þrítugsaldri til sex ára þrælkunarvinnu fyrir að koma sér ólöglega inn í landið með það fyrir augum að stunda njósnir.

Matthew Miller er sagður hafa rífið vegabréfsáritun sína á flugvellinum í Pjongjang er hann kom til landsins þann 10. apríl síðastliðinn. Dómstóllinn sagði einnig að Miller hafi ætlað að „upplifa fangelsisvist til að kanna stöðu mannréttinda“ í landinu.

-ba

Vilja ekki klámkjafa í keppnum:

Morfís gegn kvenfyrirlitningu

SAMFÉLAGSMÁL „Við viljum koma í veg fyrir kvenfyrirlitningu, klámkjafa og annað slíkt sem á engan veginn heima í ræðukeppni framhaldsskóla,“ segir í tilkynningu frá nýrri stjórn Morfís sem hefur gert breytingar á starfsháttum og venjum ræðukeppninnar.

Liðsmenn Menntaskólans á Ísafirði voru á síðasta ári sakaði um grófa kvenfyrirlitningu í garð keppenda Menntaskólans á Akureyri. Vill hin nýja stjórn koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

-lb

Efast um að dómari láti slík umæli falla

Formaður dómstólaráðs dregur orð Jóns Óttars Ólafssonar, fyrrverandi starfsmanns sérstaks saksóknara, í efa. Jón hefur fullyrt að dómari hafi farið niðrandi orðum um sakborning. Formaðurinn segir að Jón Óttar verði að nafngreina dómara.

DÓMSMÁL „Mér þykir afar ósennilegt að nokkur dómari láti svona frá sér fara, ég held að það sé nánast útilokað,“ segir Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs, um þau ummæli sem Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi starfsmaður sérstaks saksóknara, lét falla í helgarblaði Fréttablaðsins. Jón Óttar fullyrti að dómari hefði sagt „náði svo þessum andskotum,“ þegar Jón Óttar sótti heimild til hlerunar á meðan hann vann fyrir embætti sérstaks saksóknara.

„Það er einfaldlega þannig að dómurum ber að leysa úr sínum málum á algerlega faglegum grundvelli eftir að sönnunargögn hafa verið færð fyrir þá. Þeir verða að horfa til allra þeirra þátta sem skipta máli við úrlausn málsins. Athugasemd sem þessi gengur algerlega gegn starfs skyldum dómara. Ég einfaldlega trúir því ekki að neinn dómari hafi látið slíkt frá sér fara,“ segir Símon.

Aðspurður hvort hann búist við því að dómstólaráð bregðist við ummælunum segir Símon: „Ef hann ber ákveðinn dómara þeim sökum að hafa viðhaft þessi ummæli verður hann að nafngreina dómara og dómara verður þá að svara fyrir sig. Fyrr en málið er komið á það stig er ekkert sem við getum gert í málinu.“

Jón Óttar sagðist einnig hafa farið heim til dómara til að sækja heimild til hlerunar. Benedikt Bogason hæstaréttardómari hefur einnig verið sakaður um að afhenda úrskurð um hleranir



DÓMSTÓLAR Starfsmenn embættis sérstaks saksóknara hafa flutt fjölmörg mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

á heimili sínu þegar hann gegndi starfi héraðsdómara.

Símon býst ekki við að dómstólaráð grípi til sérstakra ráðstafana vegna þessa enda séu dómara sjálfir ábyrgir fyrir sínum störfum. „Ég get ekki sagt að við séum að skoða hvað dómara eru að gera frá degi til dags heima hjá sér. Það er náttúrulega þannig í störfum dómara að þeir semja ekki allar dómstúrorður á skrifstofunni í dómhúsinu, heldur geta þeir verið að semja dóma heima hjá sér,“ segir Símon.

Jón Óttar segist nokkrum sinnum hafi orðið vitni að því að símtöl lögmannna og verjenda

„Ég einfaldlega trúir því ekki að neinn dómari hafi látið slíkt frá sér fara.“

Simon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs.

þeirra hafi verið hleruð og spiluð í hátalara á skrifstofu sérstaks saksóknara. Hann hafi sent Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara greinargerð árið 2012 þar sem þetta kom fram en ekkert hafi verið aðhafst í málinu. Sigríður Friðjónsdóttir hyggst svara áskoðunum Jóns Óttars í dag.

ingvar@frettabladid.is

Kostnaður við lífsstílstengda sjúkdóma er 40 milljarðar króna á hverju ári:

Kolröng leið að lækka sykurskatt

HEILBRIGÐISMÁL Kostnaður við lífsstílstengda sjúkdóma er um 40 milljarðar króna á ári og ársneysla á sykri er orðin 50 kíló á mann. Þetta er meðal þess sem Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS, benti á í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Verði sykurskattur afnuminn verður þyngdaraukning Íslendinga ekki stöðvuð, segir hann.

SÍBS hefur til langs tíma tekið saman upplýsingar um heilsufar þjóðarinnar og bendir á að Íslendingar séu nú feitastrir allra Norðurlandþjóða. Með hækkun matarskatts á holla vöru og lækkun gjalda á sykraðar vörur og með niðurfellingu sykurskattsins er farin kolröng leið í að bæta heilsu- og holdafar þjóðarinnar, segir framkvæmdastjóri sambandsins. Í fjárlagafrumvarpinu eru slíkar skattabreytingar boðaðar.

Skatturinn var settur á í mars í fyrra. Gjöld á hreinum sykri hækkuðu þá um 150 krónur á kíló og á aðrar vörur í hlutfalli við sykurlífhald, t.d. í kexi, morgunkorni og bragðbættum mjólkurvörum. Öll Norðurlöndin setja sykurskatt á matvæli, einungis í mismunandi útfærslum. „Og nú á að kippa



FRAMKVÆMDASTJÓRINN Guðmundur Löve segir margsannað að sykur sé okkar helsti óvinur í mataræði.

AÐSEND MYND

þessu alfarið úr sambandi og það þrátt fyrir að það sé margsannað að sykur er einn helsti óvinur okkar hvað mataræði varðar,“ sagði Guðmundur í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

-lb

BRIDS SKÓLINN



TVÖ námskeið hefst í næstu viku

Hefðbundið námskeið fyrir byrjendur (STIG 1) og framhaldsnámskeið um Standard-kerfið (STIG 3).

BYRJENDUR hefst **22. september** átta **mánudags**kvöld

KERFIÐ hefst **24. september** átta **miðvikudags**kvöld

Mikið spilað og **EKKERT MÁL** að mæta stakur/stök.

◆ Nánari upplýsingar og innritun í síma **898-5427**

◆ Sjá enn fremur á **bridge.is**



***Ríkulegur staðalbúnaður:** *8 gíra sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hjómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir o.m.fl.

Rafmagns - Porsche!

Með haustinu kemur á markað nýr Porsche Cayenne rafmagnsjeppi. Á tæknilegri hraðferð sinni inn í framtíðina mun Porsche aldrei slá af kröfum um einstaka sporteiginleika og akstursupplifun. Plug-In Hybrid útgáfan af sportjeppanum Cayenne fullnægir þeim markmiðum fullkomlega. Hann getur gengið eingöngu fyrir rafmagni, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða aflagjafana jöfnum höndum. Honum er stungið í samband við heimilisrafmagn og hleðslustöð fylgir með bílnum.

Hafðu samband við söluráðgjafa og kynntu þér málið.

Porsche Cayenne S E-Hybrid Verð: 12.990 þús. kr.*

416 hestöfl • 590 Nm tog
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km /klst



PORSCHE

SVONA ERUM VIÐ



5.826 manns störfuðu í 5.099 stöðugildum á leikskólum í desember 2013.

Starfsfólk í leikskólum á Íslandi hefur aldrei verið fleira en í desember 2013. Á sama tíma sóttu 19.713 börn leikskóla á Íslandi og hafa aldrei verið fleiri.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Öfgasamtökin Íslamskt ríki afla sér fjár með smygli á olíu, ránum, mansali og fjárkúgunum: Þriðji Vesturlandabúinn tekinn af lífi

BRETLAND, AP „Þeir eru engir mús-limar, þeir eru skrímli,“ sagði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, um liðsmenn Íslamska ríkisins sem í gær birtu myndband sem sagt var sýna afhöfðun bresks hjálparstarfsmanns, David Haines að nafni.

Haines er þriðji Vesturlandabúinn sem samtökin taka af lífi í Sýrlandi með þessari aðferð, og birta myndband því til staðfestingar. Cameron hefur ekki kynnt neinar hernaðaraðgerðir gegn Ísl-

amska ríkinu, en Bandaríkin hafa undanfarið verið að safna liði á meðal vestrænna og arabískra stjórnvalda. Bandaríkin hafa sjálf gert fjölmargar loftárásir á víga-sveitirnar síðustu vikurnar. Araba-bandalagið hefur einnig samþykkt að hefja hernað gegn Íslamska ríkinu.

Tyrkland hyggst hins vegar standa hjá, enda sjá tyrknesk stjórnvöld sér engan hag í að styðja við Kúrda í norðurhluta Íraks. Kúrdar í Írak og Tyrklandi hafa

lengi viljað stofna sjálfstætt ríki, en Tyrkir mega ekki til slíks hugsa.

Vígasveitir Íslamska ríkisins, sem hafa á sínu valdi stór svæði bæði í Sýrlandi og Írak, hafa eflst mjög á síðustu vikum og mánuðum.

Bandarískir leyniþjónustumenn fullyrða að samtökin þurfi ekki lengur að treysta á fjárframlög frá auðkúfingum við Persaflóann heldur séu þau farin að þéna meira en þrjár milljónir Bandaríkjadala á dag með olúsmygli, mansali, þjófnaði og fjárkúgunum.



TEKINN AF LÍFI Úr myndbandinu sem sagt er sýna aftöku Davids Haines í Sýrlandi.



HANNA BIRNA Innanríkisráðherra segist sjá sig á öðrum vettvangi en í stjórn-málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hanna Birna ósátt við DV: Segir stjórn-mál ekki endastöð

STJÓRN-MÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði að hún hefði aldrei séð stjórn-málin sem einhverja endastöð og gæti alveg eins séð sjálfa sig á öðrum starfsvettvangi í sjón-varpsþættinum Eyjunn í Stöð 2 í gær.

Hanna Birna er einnig ósátt við tölvupósta sem blaðamaður DV sendi aðstoðarmanni hennar, Þór-eyju Vilhjálmssdóttur. „Það kemur fram í umræddum skeytum að það sé eins gott fyrir hana að játa glæpinn, annars verði fjallað um málið á forsíðu blaðsins,“ sagði Hanna Birna.

-ih

Endurgreiðslur til trúfélaga: Vilja að kirkjur fái skattaafslátt

STJÓRN-MÁL Össur Skarphéðinsson hefur lagt fram lagafrumvarp um að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af vinnu manna við við-hald kirkna og annarra samkomu-húsa trú- eða lífskoðunarfélaga.

Í greinargerð með frumvarp-inu segir að hægt hafi verið að fá virðisaukaskatt endurgreiddan vegna vinnu við íbúðarhúsnæði og sumarbústaði í nokkur ár. Því væri ekki úr vegi að sambærileg ákvæði giltu um trú- og lífskoðunarfélög enda hafi viðhald kirkna víða setið á hakanum í efnahagsþrengingum síðustu ára.

-ih

Tuttugu prósent hækkun launa á þriggja ára tímabili

Heildarlaun félaga í Starfsmannafélagi ríkisins hafa hækkað að meðaltali um tuttugu prósent á þriggja ára tímabili. Formaður félagsins hefur áhyggjur af þeim launalægstu, þótt mikil áhersla hafi verið lögð á að hækka laun þeirra. Á þremur árum hafa laun starfsmanna í Starfsmannafélagi ríkisins hækkað um átján prósent.

ATVINNUMÁL Heildarlaun félaga í Starfsmannafélagi Ríkisins í fullu starfi hafa hækkað um rúmlega 26 þúsund krónur frá því í janúar í fyrra, samkvæmt nýrri launakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir félagið. Þetta er rúmlega 7 prósent hækkun. Meðaltal heildarlauna í könnuninni nú voru 398 þúsund en voru 372 þúsund fyrir ári og 352 þúsund fyrir tveimur árum fyrir fullt starf.



ARNI STEFÁN JÓNSSON

Arni Stefán Jónsson, formaður SFR, hefur áhyggjur af hinum launalægstu. „Þetta eru lág laun sem við erum að horfa upp á. Fimm lægstu prósentin eru með ansi lág laun, um 245-250 þúsund. Það er vandamál hvað lægsti hópurinn hefur það alltaf skítt. Þótt menn reyni að hifa hann upp þá tekst það í ákveðinn tíma og svo eru aðrir farnir fram úr honum og hann situr einhvern veginn alltaf eftir. Ég á ekki skýringar eða ráð um það hvernig í ósköpunum á að takast á við þetta,“ segir Arni Stefán en bætir því við að hann vonist til að þeir sem eru í lægsta hópnum séu menn sem ekki hafi verið með mjög mikla fjölskylduábyrgð.

Laun starfsmanna innan SFR hafa að meðaltali hækkað um um það bil 7 prósent síðastliðin þrjú ár, eða alls um 20 prósent. „Síðustu þrjú ár hefur okkur tekist betur upp prósentulega en oft áður. Þrátt fyrir allt hafa kjarasamningar



FÓLK Heildarlaun félaga í Starfsmannafélagi ríkisins í fullu starfi hafa hækkað um rúmlega 26 þúsund.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aðferðafræði könnunarinnar

Könnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var gerð þannig að úrtak var 3.500 manns, en 1.700 félagar sendu inn lista og voru notuð rúmlega 1.300 svör við úrvinnsluna. Svarhlutfall var 47 prósent. Af þeim sem svörðu voru konur 67 prósent og karlar 33 prósent. Langflestir svörðu á netinu. Könnunin var unnin af Capacent Gallup í febrúar og mars 2014 og var spurt um laun 1. febrúar 2014.

Könnun Starfsmannafélags ríkisins var gerð á sama tíma og könnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Svarhlutfall var 59 prósent og af þeim sem svörðu voru 74 prósent konur og 26 prósent karlar. Hlutfall kvenna í félaginu er um 70 prósent.

Þetta sem sló mig mest,“ segir hann. Í könnuninni kemur fram að rúmlega sjö af hverjum tíu séu óánægðir með launakjör sín. Þetta hlutfall er heldur hærra en í síðustu könnunum. Meiri óánægja mælist á meðal kvenna en karla.

Um 60 prósent félagsmanna í SFR eru óánægðir með launin, en ánægja með laun hefur verið svipuð síðustu fjögur ár. Karlar eru örlítið ánægðari með sín laun en konur.

jonhakon@frettabladid.is

Nicotinell
20% afsláttur af Nicotinell Mint, Icemint og Spearmint. Allar stærðir og styrkleikar.


SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Ópið mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



LÆGIR og sést víða til sólar á morgun en búast má við rigningu víðast hvar á landinu á miðvikudag. Kólnar heldur í vikunni, hiti að 20 stigum í dag en verður á bilinu 8-13 stig næstu daga.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

BLAÐAMAÐUR MORGUNBLAÐSINS
SETUR NÝTT ÍSLANDSMET!



HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI Á EINUM TANKI

RENAULT **CLIO** DÍSil
VERÐ FRÁ: 2.890.000 KR.



RENAULT **CAPTUR** DÍSil
VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.



RENAULT **MEGANE** SPORT TOURER DÍSil
VERÐ FRÁ: 3.590.000 KR.

(Bílinn sem blaðamaður Morgunblaðsins prófaði)

DÍSilBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílar frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílalaðs Morgunblaðsins, ók á dögunum Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki á einungis einni 60 l tankfyllingu eða u.þ.b. 1.520 km leið. Við óskum Malín og öllum Renault eigendum til hamingju og minnum á að: **PÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT!**

[... ég var farin að halda að eitthvað mikið væri að aksturstölvunni, sem sífellt sagði að ég gæti ekið um 1.000 kílómetra til viðbótar miðað við aksturslag.]

Malín Brand, Bílalað Morgunblaðsins



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað var mörgum sagt upp hjá Landsbankanum í vikunni?
2. Hvaða barnaleiksyningar voru frumsýndar um helgina?
3. Hverjir skorðu gegn Tyrkjum?

SVÖR
 1. Áhvan manns. 2. Lina Langsokkur og Evin-
 beinn Sigþórsson og Jón Daði Böðvarsson.
 3. Gylfi Þór Sigurðsson, Kol-
 týr í Latabæ. 4. Gylfi Þór Sigurðsson, Kol-
 týr í Latabæ. 5. Gylfi Þór Sigurðsson, Kol-
 týr í Latabæ.

Pétur Blöndal segir lengi hafa legið fyrir að ráðast þurfi í breytingar á greiðsluþáttökukerfi sjúklinga: Hámarksgreiðslan verði 120 þúsund á ári

HEILBRIGÐISMÁL Formaður nefndar um greiðsluþáttökukerfi sjúklinga vonast til að leggja fram róttækar tillögur um breytingar á kerfinu á næstu mánuðum. Ef fyrirhugað frumvarp verður að lögum mun enginn sjúklingur þurfa að greiða meira en 120 þúsund krónur á ári fyrir lækni meðferð, burtséð frá umfangi hennar.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fer fyrir nefndinni. Hann segir að lengi hafi legið fyrir að ráðast þurfi í breytingar á núverandi greiðsluþáttökukerfi sem sé allt of flókið.

Pétur segir að þegar ekkert hámark er í kerfi þá geti sumt fólk, sérstaklega langveikir, gigtarsjúklingar, sykursjúkir, krabbameinssjúklingar og fleiri verið að borga óhemju fé, mörg hundruð þúsund krónur á hverju ári og það er í raun ekki viðunandi.

Nefndin sem Pétur fer fyrir var skipuð í fyrra og standa vonir til að hún skili af sér tillögum á næstunni. Beðið er eftir gögnum frá heilbrigðisráðuneytinu sem verið er að taka saman.

„Lausnin að mínu mati felst í því að taka upp eitt kerfi sem tekur allan kostnað, sama hvort það eru sjúkraflutningar, lyf, sérfræðingar, myndatökur eða rannsóknir; að allur þessi kostnaður sé tekinn í eina heild og sett á það hámark.“ Pétur segist geta hugsað sér að hámarkið yrði um 120 þúsund krónur á ári, eða 10 þúsund krónur á mánuði.



FORMAÐUR NEFNDAR Pétur segir að lengi hafi legið fyrir að það þyrfti að einfalda kerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI



BJÖRN HÖCKE Leiðtogi Valkosts fyrir Þýskaland hrósaði sigri í Thüringen. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Þýskalandi:

Andstæðingar evru vinna á

PÝSKALAND, AP Stjórnsmálaflokkurinn Valkostur fyrir Þýskaland, sem er andvígur evrunni, vann stóran sigur í kosningum til fylkisþings í þýsku sambandslöngunum Brandenburg og Thüringen, sem haldnar voru í gær.

Í Brandenburg fékk flokkurinn 12 prósent atkvæða en í Thüringen 10 prósent. Flokkurinn náði ekki manni inn á þjóðþing Þýskalands þegar kosið var á síðasta ári en komst þó býsna nærri fimm prósentu lágmarkinu.

Í Thüringen gerðu leiðtogar Vinstri flokksins, sem á að hluta rætur að rekja til gamla austurþýska Kommúnistaflokksins, sér auk þess vonir um að flokkur þeirra kæmist til valda í fyrsta sinn. -gb

BJÖRGUN

Leki í bát

Björgunarveitir voru kallaðar út í gærkvöldi vegna báts sem lak um þrettán sjómílur norðaustur af Siglufirði. Báturinn var rafmagnslaus og því var ekki hægt að nota rafmagnsdælur sem voru um borð. Skipverjinn hafði ekki undan að dæla vatni með handdælu úr bátunum. Dælur sem björgunarveitamenn höfðu meðferðis nægðu til að dæla vatninu út.

Byggðastofnun verði réttum megin við núll

Póroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar, vonast til að hún verði rekin með afgangi það sem eftir er ársins. Eigið fé sé langt umfram lágmark og stofnunin muni áfram geta lánað í verkefni sem bankarnir eru tregir til að lána.

VIÐSKIPTI Póroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar, vonast til að stofnunin verði áfram rekin réttum megin við núll-ið það sem eftir er ársins.

Á dögunum greindi Fréttablaðið frá því að hagnaður Byggðastofnunar á fyrri helmingi ársins hefði numið 75 milljónum króna miðað við 184 milljóna hagnað á sama tíma í fyrra.

„Ástæðan fyrir því að stofnunin er í plús núna fyrstu sex mánuðina og verður það að óbreyttu um áramót er að það eru minni færslur á afskriftareikning vegna þess að fyrirtæki á starfssvæði Byggðastofnunar standa betur,“ segir Póroddur aðspurður.

Hann bætir við að lágmark af eigið fé sé 8 prósent af áhættugrunni en stofnunin sé með í kringum 16 prósent. „Þetta þýðir að stofnunin getur sinnt þessu hlutverki sínu að lána það sem bankarnir eru tregir til að lána.“

Samkvæmt lögum á Byggðastofnun að varðveita eigið fé, þ.e. þá skal lánastarfsemin standa undir sér. „Þetta er náttúrulega ekki hægt. Það er ástæða fyrir því að bankarnir fara ekki inn. Þeir treysta sér ekki til þess,“ segir Póroddur.

Honum finnst óþægilegt að hlutunum sé iðulega stillt þannig upp að stofnunin eigi að varðveita eigið fé og það sé lögbrot ef hún gerir það ekki. „Menn segja oft að það



BYGGÐASTOFNUN Færslur á afskriftareikningi eru færri nú en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

sé greinilegt að þessi rekstur sé furðulegur og það sé alltaf tap á þessari starfsemi, í staðinn fyrir að gera eins og gert er í nágrannalöndunum þar sem ríkið leggur ákveðna upphæð til svona starfsemi og svo er mönnum í alvöru gert að halda sig innan rammans.“

Póroddur segir meginástæðuna fyrir hagnaðinum af rekstri Byggðastofnunar í fyrra vera dómssál sem hún vann gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna peninga sem stofnunin átti þar inni. „Við vorum mjög nálægt núllinu en síðan kemur þessi glaðningur að vinna mál sem verður til þess að stofnunin skilar hagnaði,“ segir hann og tekur fram að í sjálftu sér eigi Byggðastofnun að vera rekin á núlli.

Hann bætir við að jöfnun gengis-



Það er ástæða fyrir því að bankarnir fara ekki inn. Þeir treysta sér ekki til þess.

Póroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar.

munar hafi einnig átt þátt í betri stöðu Byggðastofnunar. Það þýðir að það sem stofnunin hefur tekið í erlendum lánunum er svipuð upphæð og staðan er á erlendum lánunum stofnunarinnar til viðskiptavina sinna. „Þetta er tæknilegt atriði en skiptir gríðarlega miklu máli,“ segir stjórnarformaðurinn.

freyr@frettabladid.is



Á KJÖRSTAD Rússneskur hermaður í Sevastopol speglast þar sem hann stingur kjörseðli í kassa framan við stóran spegil. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið í innlimuðu héraði:

Krímskagabúar kjósa sér þing

KRÍMSKAGI, AP Íbúar á Krímskaga, sem innlimaður var í Rússland í mars síðastliðnum, kusu sér hundrað manna héraðsþing í gær.

Volodmír Poljoví, talsmaður öryggisráðs Úkraínu, segir að stjórnvöld í Úkraínu líti svo á að kosningarnar séu ólöglegar. Sækja eigi þá til saka sem efnit hafa til kosninganna, en refsingin við því að taka völd ríkisins í eigin hendur getur numið allt að tíu ára fangelsi.

Flest benti til þess að flokkurinn Sameinað Rússland, sem er flokkur Vladímírs Pútín, forseta í Rússlandi, fengi langflesta atkvæði. -gb

Börnum veitt sálfræðiaðstoð:

Skólalald hefst aftur á Gasa

GASA Skólalald hófst á ný á Gasa í gær eftir stríðsátökin sem stóðu í sumar. Athygli var sérstaklega beint að andlegu ástandi barnanna og var nemendum boðin sálfræðiaðstoð áður en hefðbundnar kennslustundir hófust.

Upphaf skólaársins dróst um nokkrar vikur vegna skemmda sem urðu á yfir 250 skólum á Gasa. Margar aðrar skólabyggingar á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa verið nýttar fyrir flóttamenn. -ih

Árni Páll Arnason kynnti í gær stefnu Samfylkingarinnar fyrir þingveturinn: Hafa áhyggjur af stöðu kvenna

STJÓRNMÁL „Við höfum áhyggjur af stöðu kvenna og margt sem bendir til þess að atvinnuleysi kvenna sé tregleysanlegra,“ segir Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar. Hann kynnti stefnu flokksins fyrir þingveturinn á fundi í gær.

Í stefnunni segir að konur yfir fimmtugu séu stór hópur þeirra sem glíma við langtímaatvinnuleysi og konur vinni hlutastörf í meira mæli en karlar. Atvinnuleysi kvenna sé meira en karla hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsbyggðarinnar. Ástæða sé til að spyrja hvort ákveðnir aldurshópar standi verr en aðrir eða ákveðin landsvæði, hvaða áhrif hærra menntunarstig kvenna hafi á stöðu þeirra á vinnumarkaði og hvort þær fá atvinnu og laun við hæfi. Samfylkingin leggur til að félags- og húsnæðismálaráðherra verði falið að flytja skýrslu um stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Þá segir Árni Páll að áherslur Samfylkingarinnar sýni að atvinnu- mál séu stóra málið og það séu ákveðin áhyggjuefni. „Það er ekki



FORMAÐURINN Árni Páll Arnason kynnti stefnu Samfylkingarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

nægur vöxtur þekkingarstarfa þar,“ segir hann. Samfylkingin vill að auknið verði á nýfjárfestingu í tækni- og hugverkageiranum, heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í

óskráðum félögum verði auknar og að sértækar ívilnanir verði veittar vegna nýfjárfestinga í rannsóknar- og þróunarverkefnum og þjálfunar starfsfólks. -jhh



Stjórn Hjálparveitar skáta í Reykjavík boðar til fundar.

Tílefni fundarins er;

Stofnun hollvinasamtaka HSSR.

Allir þeir sem eru félagar í HSSR eða hafa einhvern tíma verið það eru velkomnir á fundinn.

Fundurinn verður haldinn í húsnæði HSSR að Malarhöfða 6.

Miðvikudaginn, 17. september 2014, kl. 20:00.

Sjá nánar á www.hssr.is

SÍÐASTI SÉNS!



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 11.-15. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Heldur dapurlegur sigur Löfvens

Leiðtogi sænskra sósíaldemókrata getur ekki myndað meirihlutastjórn vinstri flokkanna, þrátt fyrir kosningasigur þeirra í gær. Svíþjóðardemókratar eru orðnir þriðji stærsti flokkurinn, en enginn vill stjórna með honum og rafmagníð var tekið af kosningavöku flokksins í gær.

SVÍPJÓÐ Stærsta sigurinn í þingkosningunum í Svíþjóð í gær unnu hægri þjóðernissinnarnir í flokki Svíþjóðardemókrata. Þeir eru komnir upp í rúmlega 10 prósent atkvæða og þar með orðnir þriðji stærsti stjórnmalaflokkur landsins.

Svíþjóðardemókratar hafa því náð að bæta við sig nærri fimm prósentum með því að höfða til ötta almenningssvið útlendinga. Enginn hinna flokkanna hefur samt minnsta áhuga á að fá þá í stjórnarsamstarf með sér, þannig að þessi sigur hefur fyrst og fremst þau áhrif að torvelda öðrum flokkum að mynda meirihlutastjórn.

Kosningavaka flokksins í Malmö var haldin í húsnæði KFUM í gærkvöld, en formaður KFUM frétti ekki af því fyrr en um kvöldið og brást við með því að taka rafmagníð af húsinu og kveikja á brunabjöllum.

Félagar flokksins héldu engu að síður áfram með fundinn, í myrkri og hávaða, en hleyptu ekki bláðmönnum inn.

Hægri stjórn Fredriks Reinfelds beið afhróð í kosningunum, Reinfeldt sagði í gærkvöld af sér, bæði sem forsætisráðherra og leiðtogi hægri flokksins. Samtals eru hægri flokkarnir fjórir með innan við 40 prósent atkvæða, og hafa þá tapað nærri tíu prósentum frá kosningunum árið 2010. Munar þar mestu um nærri 8 prósent fylgistað Moderaterna, flokks Reinfeldts forsætisráðherra.

Vinstri flokkarnir þrjú vinna hins vegar engan afgerandi sigur, því þótt þeir séu komnir með nærri 45 prósent atkvæða þá eru þeir ekki að bæta við sig nema um einu prósent samanlagt.

Útgönguspár bentu til þess að flokkur femínista, Femínistafrumkvæðið, myndi í fyrsta sinn skrifa yfir 4 prósent lágmarkið og ná manni inn á þing. Það gekk þó ekki eftir.

Reinfeldt hefur verið forsætisráðherra í tvö kjörtímabil, heil átta ár, og þykir hafa staðið sig býsna vel í efnahagsmálum. Ekki er því að sjá að kjósendur hafi verið að refsa honum fyrir neitt sérstakt, heldur skýrist niðurstaðan frekar skýrast af því að kjósendur séu hreinlega orðnir leiðir á honum.

Annars vekur athygli hve fylgistötlurnar hafa í raun litið breyst frá kosningunum fyrir fjórum árum. Breytingar á fylgi flokkanna eru innan við tvö prósent, að undanskildum Moderaterna sem tapar nærri sjö prósentum og Svíþjóðardemókrötum sem vinna rúmlega sjö prósent.

Niðurstaðan úr sænsku kosningunum hlýtur meðal annars að vera harla leiðinleg fyrir David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, en Reinfeldt hefur verið helsti bandamaður Camerons innan Evrópusambandsins.

Löfven er á hinn bóginn í góðum tengslum við Ed Miliband, leiðtoga bresku stjórnarandstöðunnar, enda báðir sósíaldemókratar.

gudsteinn@frettabladid.is



STEFAN LÖFVEN Það kemur í hlut leiðtoga jafnaðarmanna að reyna myndun nýrrar ríkisstjórnar.



SEGIR AF SÉR Fredrik Reinfeldt sagði af sér í gærkvöld, bæði sem forsætisráðherra og leiðtogi flokks síns.

Úrslit sænsku þingkosninganna

	Hlutfall	Þingsæti
Hægri flokkarnir		
Hægri flokkurinn (Moderata samlingspartiet)	23,2 (-6,8)	85 (-22)
Frjálslyndir (Folkpartiet liberalerna)	5,4 (-1,7)	19 (-5)
Miðflokkurinn (Centerpartiet)	6,2 (-0,4)	21 (-2)
Kristilegir demókratar (Kristdemokraterna)	4,6 (-1,0)	16 (-3)
Samtals	39,4 (-8,9)	141 (-32)
Vinstri flokkarnir		
Jafnaðarmenn (Socialdemokraterna)	31,1 (+0,4)	114 (+2)
Vinstriflokkurinn (Vänsterpartiet)	5,7 (+0,1)	20 (+1)
Græningjar (Miljöpartiet)	6,8 (-0,4)	24 (-1)
Samtals	43,6 (+0,1)	158 (+2)
Femínistafrumkvæðið (Feministiskt initiativ)	3,1 (+2,7)	0 (0)
Svíþjóðardemókratar	13 (+7,2)	50 (+30)



Fredrik Reinfeldt
Hægri flokkurinn



Jan Björklund
Frjálslyndir



Annie Lööf
Miðflokkurinn



Göran Hägglund
Kristilegir



Stefan Löfven
Jafnaðarmenn



Jonas Sjöstedt
Vinstriflokkurinn



Åsa Romson
Græningjar



Gudrun Schyman
Femínistar



Jimmie Åkesson
Svíþjóðardemókratar

www.volkswagen.is



VW SNJALL-BÍLAR

Snjallari kynslóð atvinnubíla á rekstrarleigu

HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Transporter og Volkswagen Caddy á einstaklega **hagstæðri rekstrarleigu**.

Í rekstrarleigu fá fyrirtæki bifreiðar til umráða í eitt ár* gegn föstu mánaðargjaldi sem gefur fyrirtækjum einstaklega gott svigrúm til að aðlaga bílaflotann að breyttum aðstæðum með lítilli skuldbindingu og lágmarksáhættu.

Nýjasta útfærslan af Caddy og Transporter er sú snjallasta til þessa og betur búin en nokkru sinni fyrr. Þú getur til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum með snjallsímanum.



*Einnig er hægt að velja 24 og 36 mánaða leigusamning. **Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

Aukabúnaður í Snjall-Transporter

- Þráðlaust símerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Þjófavörn
- Viðarklæðning á gólfi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði

Aukabúnaður í Snjall-Caddy

- Þráðlaust símerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga**
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

12 mán. rekstrarleiga

Transporter	Vél	Verð m. vsk	án vsk	m. vsk
Transporter stuttur	2,0 TDI	4.490.000	79.602	99.900
Transporter langur	2,0 TDI	4.650.000	83.586	104.900
Transporter langur 4Motion	2,0 TDI	5.690.000	107.490	134.900
Caddy				
Caddy	1,2 TSI	3.250.000	79.602	99.900
Caddy	1,6 TDI	3.590.000	82.789	103.900
Caddy Maxi				
Caddy Maxi, sjálfskiptur	1,6 TDI	3.990.000	87.570	109.900
Caddy Maxi 4Motion	2,0 TDI	4.190.000	90.757	113.900

Volkswagen er mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi



Atvinnubílar

GLÆNÝ ÝSUFLÖK

roðlaus / beinlaus

1.590

kr/kg

FISKIBOLLUR

2 FYRIR 1

SKATA

KÆST OG
SÖLTUÐ

799

kr/kg

SKÖTUSTAPPA

AÐ VESTFIRSKUM HÆTTI



FISKIKÓNGURINN

SOGAVEGI 3
587 7755

HÖFÐABAKKA 1
555 2800

www.fiskikongurinn.is

GRÍPTU TILBOÐIÐ

Finndu Fiskikónginn á



LOK Á HEITA POTTA

Lok til á lager:

Stærðir:

174x217 cm

200x200 cm

210x210 cm

217x217 cm

220x220 cm

217x235 cm

235x235 cm

8 hyrnd lok,

(passar á Unaðskel)

Lokin þola
1.000 kg
snjóþunga.



HITAVEITUSKELJAR

1250 - 1600 LÍTRAR



Sölustaður

HEITIRPOTTAR.IS

FISKIKÓNGURINN

SOGAVEGI 3

SÍMI: 777 2000



FULLUR EFASEMÐA Sigurður Línal telur ólíklegt að miklar breytingar verði gerðar á stjórnarskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólíklegt að breytingar verði:

Formaðurinn hættir störfum

STJÓRNSÝSLA Sigurður Línal, fráfarandi formaður stjórnarskrárnefndar, telur ólíklegt að breytingar verði gerðar á stjórnarskránni á þessu kjörtímabili, enda sé ekki þörf á að gera miklar breytingar. Þó megi hugsanlega setja inn ákvæði um framsal fullveldis til erlendra stofnana og skýra ákvæði um embætti forseta Íslands. Hann hefur beðist lausnar undan störfum fyrir nefndina.

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, segir að það hafi boðið hættunni heim að setja stjórnarskrármálið í nefnd á lokadögum síðasta kjörtímabils. „Nú þarf stjórnarandstaðan heldur betur að láta heyra í sér,“ segir hún í færslu á fésbókarsíðu sinni. -jhh

Óvenjuleg deila raftækjarisa: Starfsmenn LG eyðilögðu vörur

VIÐSKIPTI Skrýtin deila hefur sprottið upp milli raftækjaframleiðendanna Samsung og LG. Sá fyrrnefndi sakar LG um að hafa skemmt vörur sínar. Stjórnendur Samsung telja að til starfsmanna LG hafi sést þar sem þeir voru að skemma þvottavélar í verslunum í Þýskalandi.

Samsung segir að skemmdarverkin hafi átt sér stað rétt áður en mikil viðskiptaráðstefna með raftækni fór fram í Berlín. Talsmenn LG viðurkenna að starfsmenn hafi skemmt vélar Samsung en segja að það hafi verið óviljaverk. -jhh

Friðlýsa á Akurey til að vernda fuglalífið

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að hefja friðlýsingarferli vegna Akureyjar í Kollafirði. Friðlýsing myndi vernda lundavarp á eyjunni en lundastofninn í þessum landshluta hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár.

NÁTTÚRA Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt beiðni Fuglaverndar um að hefja friðlýsingarferli vegna Akureyjar í Kollafirði.

Fuglavernd fór einnig fram á friðlýsingu Lundeyjar en mikið fuglalíf er á eyjunum. „Þar er lundavarp mikið en bæði Akurey og Lundey eru stór vörp á landsvísi og fer varp þar vaxandi,“ ritar Snorri Sigurðsson, líffræðingur og starfsmaður Umhverfis- og skipulagsráðs, í umsögn um friðlýsingu til Umhverfis- og skipulagsráðs.



SNORRI SIGURÐSSON

„Lundinn hefur átt erfitt uppdráttar síðustu ár á Suðurlandi Vesturlandi. Lundavarp á þessum eyjum er mikið og þessum landshluta,“ segir Snorri en árið 2004 var talið að 19 þúsund lundavarp hólur væru í Akurey og 8.500 lundavarp hólur í Lundey. „Það var reyndar smá uppsveifla í sumar vegna sandsílagöngu í Faxaflóa en það var bara eitt sumar,“ segir Snorri.

Umhverfis- og skipulagsráð vísar á ríkið varðandi friðlýsingu Lundeyjar þar sem ríkið á eyjuna. Þó er mælt með því að Reykjavíkurborg hvetji til friðlýsingar Lundeyjar. Það væri að mörg leyti skynsamlegt að friðlýsa báðar eyjurnar samtímis samkvæmt umsögn Snorra sem Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti. Fuglavernd mun fara fram á friðlýsingu Lundeyjar við ríkið að sögn Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóra Fuglaverndar.



FUGLALÍF Mikið fuglalíf er í Akurey en nítján fuglategundir hafa fundist á eyjunni. MYND/JÓHANN ÓLI

Æðadúntaka hefur verið stunduoð á Akurey og lundaveiði í Lundey. Ljóst er að lundaveiði verður bönnuð á eyjunum ef til friðlýsingar kemur. Æðadúntakan þarf hins vegar ekki endilega að leggja af að sögn Hjálmar Sveinssonar, formanns Umhverfis- og skipulagsráðs. „Friðlýsing þarf ekki að þýða að allar mannaferðir á eyjunni verði bannaðar,“ segir Hjálmar.

Reykjavíkurborg mun á næstu dögum hefja samstarf við Umhverfisstofnun að því hvaða leið eigi að fara við friðlýsingu. „Það mun taka tíma. Það þarf að safna gögnum og meta friðlýsingakosti. Það þarf ekki að vera að öll eyjan verði friðlýst,“ segir Snorri.

„Mér líst alveg ofboðslega vel á að friðlýsa Akurey. Við höfum



„Mér líst alveg ofboðslega vel á að friðlýsa Akurey. Við höfum talað fyrir þessu lengi.“

Magnús Kr. Guðmundsson, flotaforingi Sérferða.

talað fyrir þessu lengi,“ segir Magnús Kr. Guðmundsson, flotaforingi Sérferða sem hafa boðið upp á skoðunarferðir umhverfis Akurey frá árinu 1996. „Við höfum farið með tugi þúsunda ferðamanna að Akurey að skoða lunda og okkur líst rosalega vel á ef það á að vernda eyjuna fyrir ágangi.“

ingvar@frettabladid.is



HVALVEIÐAR Stjórnarandstaðan vill óháð mat á hagsmunum Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Kostir og gallar verði metnir:

Vilja óháð mat vegna hvalveiða

ALPINGI Níu þingmenn Samfylkingar, Vinstri grænna, Pírata og Bjartrar framtíðar hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar þess efnis að óháð mat fari fram á hagsmunum Íslendinga vegna hvalveiða í íslenski lögsögu. Meta eigi verðmæti útflutnings á hvalkjöti, kostnað við kynningu af hálfu stjórnvalda vegna hvalveiðistefnunnar og álits fræðimanna, hagsmunaaðila og víðeigandi félagsamtaka um áhrif hvalveiðistefnu stjórnvalda á afkomu ferðaþjónustu og á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Hvalveiðar Íslendinga hafi lengi verið umdeildar og bakað okkur óvinsældir nokkurra erlendra ríkja, einna helst Bandaríkjanna. -ba

Ólvað par á bíl handtekið:

Skipti um sæti við bílstjóran

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veitti pari í bíl eftirför um fimmleytið aðfaranótt sunnudags.

Veittu lögreglumenn því síðan athygli þegar karlmaðurinn færði sig úr öikumannssætinu, meðan bifreiðin var á ferð, og skipti við konu sem var farþegi í framsæti og hún tók við akstrinum en karlmaðurinn fór í aftursætið. Bíllinn var svo stöðvaður og reyndust bæði ölvuð þegar að var gáð.

Konan sagðist hafa viljað forða karlmanninum frá vandræðum þar sem hann hafði áður verið sviptur ökurétti. -jhh

Láttu Rekstrarland léttu þér lífið
þegar þú vilt gæði og góða þjónustu

Frostá, Kimberly-Clark, ABENA, Vikan, ELKA, ARROW

Við bjóðum upp á mikið úrval af hágæðarekstrarvörum fyrir fiskvinnslur og sjávarútveg, svo sem hreinsiefni, vinnufatnað, hreinlætisáhöld og hnifa sem standast ítrustu kröfur matvælavinnslu. Allt þetta og miklu meira í Rekstrarlandi.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða hjá útibúum Olís um land allt.

REKSTRARLAND
- léttir þér lífið



FUNDAB Í BORGARSTJÓRN Júlíus Vífill Ingvarsson segir ótrúlegt að meirihlutinn vilji ekki ræða við fólk sem mótmælir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Segir meirihluta borgarráðs óttast samtalið við íbúa:

Felldu tillögu um fund um Borgartún

BORGARMÁL Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir það óskiljanlegt að fulltrúar meirihlutaflokkanna í borgarstjórn skuli hafna því að funda með hagsmunaaðilum í Borgartúni áður en deiliskipulag Borgartúns 28 og 28A verður samþykkt. Tillaga þessa efnis var felld í borgarráði á fimmtudag.

„Það er eiginlega óskiljanlegt að fulltrúar meirihlutaflokkanna í borgarstjórn skuli hafna því að eiga samtalið við þá fólk sem hefur mótmælt skipulagsbreytingum í Borgartúni. Það er engu líkara en þeir óttast að tala við borgarbúa. Athugasemdir íbúanna eru skýrar og vel rökstuddar en samt er ekkert tillit tekið til þeirra. Fyrir fjórum vikum lögðu full-

trúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um að haldinn yrði samráðsfundur með íbúum og síðan hefur afgreiðsla skipulagsins verið í frestun. Af hverju var þá tíminn ekki notaður til að hlusta á íbúa og leitað satta við þá? Það getur aldrei verið til annars en góðs að kynna sér öll sjónarmið og eiga samráð. Ég mun taka málið og þessi vinnubrögð upp í borgarstjórn á þriðjudaginn,“ segir Júlíus Vífill í tilkynningu til fjölmiðla.

Í bókun sem borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram í borgarráði 11. september segja þeir að allt tal fulltrúa meirihlutans í borgarstjórn um að taka upp meira samráð við borgarbúa sé ekki trúverðugt. -jhh




SKRÚFSTYKKI 6" FYLGIR
ÖLLUM SELDUM
VERKFÆRASKÁPUM

7 SKÚFFUR

PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 199.900 m/vsk



SKRALLYKLASETT

Skrallyklar PRO
72 tanna
Stærðir 8 - 19mm

vnr ibtgpaq1202

14.900 m/vsk

Fullt verð 20.413




TILBOÐ



8 SKÚFFUR

PRO PLUS SERIA

322 verkfæri 239.900 m/vsk



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900



TILBOÐ



7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 179.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



1/4" TOPPASETT



3.900 m/vsk



5.900 m/vsk



6.900 m/vsk



1.490 m/vsk



5.900 m/vsk



8.900 m/vsk

BARA Á NETINU

VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 37.200



TILBOÐ

SKRÚFJÁRNSETT



8.900 m/vsk



1.990 m/vsk



1.990 m/vsk

Réttur til réttlátrar málsmeðferðar er heilagur:

Tilgangur og meðal

Hluti af því að búa í réttarríki er að öllum borgurum landsins er tryggð réttlát málsmeðferð séu þeir sakaðir um refsinema háttsemi. Menn skulu vera saklausir uns sekt er sönnuð, njóta réttlátrar málsmeðferðar á öllum stigum málsins og fá úrlausn sinna mála fyrir óhlutdrægum dómstól. Í helgarútgáfu Fréttablaðsins er viðtal við fyrrverandi starfsmann embættis sérstaks saksóknara, Jón Óttar Ólafsson. Í viðtalinu greinir Jón Óttar ítarlega frá mjög alvarlegum athugsemdum sem hann gerir við vinnubrögð fyrrverandi vinnuveitanda síns. Þar á meðal þeim mikla þrýstingi sem

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



embættið var undir og líkir hann því við þá pólitísku pressu, fjölmiðlafár og múgæsing sem ríkti í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Þetta hafi orsakað brenglað hugarfar rannsakenda til vinnu sinnar og hafi andrúmsloftið sem var og ef til vill er uppi hjá embættinu einkennst af nokkrum konar við á móti þeim – góðir á móti vondum – andrúmslofti, eitt hvað sem á slæmri íslensku er oft kallað bunker mentalitet. Samkvæmt Jóni Óttari varð þetta andrúmsloft þess valdandi að menn gátu réttlætt fyrir sér að beita ýmsum vafasömum brögðum til að ná settum markmiðum.

Þessi uppljóstrun er grafalvarleg. Einn af hornsteinum réttarvörslukerfisins hér á landi er að handhafar lögregluvalds skulu ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er. Þessar kröfur til lögreglunnar fara illa saman við það andrúmsloft sem Jón Óttar lýsti í viðtalinu og samliking hans við Guðmundar- og Geirfinnsmálið er beinlínis ógnvekjandi. Þar voru skelfileg brot á réttindum sakborninga einmitt réttlætt með því að rannsakendur og raunar öll íslenska þjóðin voru sannfærð um að þau væru sek. Vonandi mun sagan ekki dæma rannsókn hrunnmálanna með sama hætti og rannsókna á mannhvörfum Guðmundar og Geirfinns en sporin hræða.

Jón Óttar lýsir ýtarlega hvernig gögnum var haldið frá Ríkissaksóknara þegar hann var kærður af fyrrverandi vinnuveitanda sínum, en slíkt hefur einnig komið upp í að minnsta kosti einu dómsmáli, þar sem gögn sem fram komu á síðari stigum leiddu til sýknu. Hann lýsir einnig hlerunaraðferðum sérstaks saksóknara þar sem rannsakendur og saksóknarar hópuðust í kringum upp-tökur af slíkum samtölum og voru eins og krakkar í sælgætisbúð. Þessar uppljóstranir Jóns Óttars eru í takt við það sem hefur komið fram fyrir dómi í öðrum málum embættisins en þar hefur verið upplýst að embættið hafi hlerað lögmenn.

Nú kann sumum að finnast þetta vera allt í lagi; að tilgangurinn helgi meðalið. Eftir allt saman þá er embætti sérstaks saksóknara að rannsaka alvarleg brot í aðdraganda bankahrunsins, brot sem því miður höfðu neikvæð áhrif á flesta landsmenn. Það gengur hins vegar ekki upp. Rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar er heilagur og engin brot, sama hversu ógeðfæld, hræðileg eða miklar afleiðingar þau hafa, eiga að geta hliðrað til þeim stóra sannleik réttarríkisins að allir hafa sama rétt réttlátri málsmeðferð sama hvað þeir hafa á samviskunni. Um leið og það gildir ekki lengur þá höfum við yfirgefið réttarríkið og gengið í samfélag lögleysu. Þær aðferðir sem Jón Óttar lýsir í viðtali helgarinnar eru óásættanlegar, ekki síst í ljósi þess, sem Jón Óttar imprar reyndar sjálfur á, að sannarlega voru hér framin lögbrot. Og fyrir þau ber að refsa mönnum í samræmi við lög og reglur. En tilgangurinn má aldrei helga meðalið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr PRÁINNSON ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Af því hún er kona

Margt hefur verið ritað og rætt um stöðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra. Hún kvartar sjálf undan óvæginni umræðu, en það er ljóst að margir hafa komið henni til varnar. Þar á meðal eru félagar hennar í ríkisstjórninni, Elliði Vignisson bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og Heimir Örn Herbertsson lögmaður. Einn bættist við í hópnum fyrir helgi en það var Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn. Halldór veltir upp þeirri spurningu hvort staða Hönnu Birnu sé verri af því að hún er kona.

Aðrir lent í sömu stöðu

Halldór virðist gleyma því að þetta er síður



Óhagræðingarhópurinn?

Þeir Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbandingar, og Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, ræddu fjárlagafrumvarpið á Sprengisandi á



Bylgjunni í gær. Þeir voru sammála um að það vantaði sterkari hugmyndafræði í frumvarpið. Þorsteinn sagðist sakna þess að sjá alvöru uppstokkun og hugsun varðandi það hverju ríkissjóður hefði efni á og hverju ekki. Nefndi hann tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar í þessu samhengi. Það skyldi þó ekki vera að hagræðingarhópurinn verði enn einn starfshópur skipaður á vegum stjórnvalda, sem skilar frá sér tillögum sem strax verður stungið undir stól. Verði það raunin má kannski segja að skipan hagræðingarhópsins, með tilheyrandi kostnaði, hafi falið í sér visst óhagræði.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Dýrari bækur – aukinn lestur?

SKATTAR



Ari Trausti Guðmundsson rithöfundur og jarðvísindamaður

Sagt er að í hallærum hér áður fyrr hafi menn notað bækur fyrir brenni og skinnhandrit í skó. Ritað mál varð að víkja fyrir viljanum til að lifa af.

Nú til dags vita allir sem koma nálægt bótaskrifum, útgáfu bóka, bókasöfnnum og bóksölu að lestur samfellds texta og almenn bókaeign þverr hægt og bitandi. Haldin eru málþing og umræður í fjölmiðlum um ástæðurnar og auðvitað eru þær margþættar. Einn þátturinn er hátt verð bóka sem stafar að hluta til af því að útgáfukostnaður er hér jafn hár eða hærri og í milljónasamfélögum er markaður afar smár í því samhengi. Þess vegna blasir við ein leið til að ýta undir lestur bóka, hvort sem er prentaðra eða tölvutækra: Að hækka ekki verð bóka heldur lækka það. Af sjálfu leiðir að það mætti gera með því að lækka höfundarhlut í hverri seldri bók, lækka prent-kostnað, eignarhlut útgefanda í hverri bók eða álagningu bóksalans og skyndibóksöluverslunarinnar á jölvartíðinni. Þessir aðilar eru þó ekki öfundsverðir með sitt, nema kannski stórmarkaðirnir sem reyndar keyra niður álagningu og heildsöluverð bóka.

Augljósasta leiðin felst samt í að lækka eða afnema virðisaukaskatt á bókum.

→ Hvernig Færeyingum og Írum tekst að komast hjá virðisaukaskatti á bókum hlýtur að vera mikið leyndarmál. En það er enn lag.

Ef til vill gæti það aukið menntun fólks, hlúð að nýsköpun, styrkt lýðræðið og hvað eina sem okkur er kynnt í eldhúsdagsumræðum á Alþingi eða í þjóðlegum og bólgnum ræðum ráðherra fyrr og síðar. Nei, í stað þessa augljósa menningarafreks er virðisaukaskattur hækkaður og þar með verð hins ritaða máls. Lækkun eða afnám hans leiddi til tekna hjá ríkinu sem auðvelt er að gera sér í hugarlund vegna aukinnar bóksölu og ótal samfélagslegra atriða og þau kæmu til móts við tekjutapið. Hvernig Færeyingum og Írum tekst að komast hjá virðisaukaskatti á bókum hlýtur að vera mikið leyndarmál. En það er enn lag.

Samhliða endurskoðun á skattlagningu ritaðs máls væri ráð að hætta að tekju-skattsleggja fé sem veitt er sem viðurkenning í menningarstarfseminni. Það er aumt að sjá rithöfund taka við verðlaunum hver áramót hjá RÚV með annarri hendinni en greiða ríkinu ríflega þriðjunginn með hinni, svo dæmi séu nefnd.

Lexusar og lesuxar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Fjárlagafrumvarpið sýnir afdráttarlausar hugmyndir um verðugar tekjulindir: Gjöld verða lækkuð á Lexusum en hækkuð á lestri. Steft er að því að Íslendingar hætti að vera lestrarhestar og verði að lesuxum. Ekki verður hætt að þjarma að bókaútgáfu á Íslandi fyrr en hvítbókin hans Illuga Gunnarsson er eina bókin sem verður eftir í landinu – með hvítum og alauðum blaðsíðum.

Hæstvitur Glanni

Því sumar tekjulindir eru nærtækari en aðrar. Á sama ári og útgerðin skilar methagnaði út af lágu gengi krónunnar (og lækkun á gjaldi fyrir afnot af sameiginlegri auðlind landsmanna) er vandfundin kostnaðarsamari iðja í samfélaginu um þessar mundir en að gangast undir krabbameinsmeðferð og þarf fólk sem er að berjast fyrir lífi sínu jafnframt að hafa stórfelldar áhyggjur af afkomu sinni og sinna. Það háttalag að rukka fólk fyrir veikindi – eins og nokkurs konar skemmtanaskatt – er vissulega arfur frá fyrri stjórnnum, hvort sem þær voru búlostjórnir eða stóðu í endurreisn efnahagslífsins – en verður ekki skárra fyrir það, allra síst ef það er satt, sem haldið er fram, að allt sé nú með blóma á ný.

Hinu lága gengi krónunnar fylgir ekki bara minni kaupmáttur almennings og hærri greiðslubyrði á lánum sem „leiðrétt“ eru með rykkjum á tuttugu ára fresti heldur ekki síður hitt að matarverð hækkar, hækkar og hækkar en lækkar ekki; gömul kona á Raufarhöfn minnst þess að vísu að eitt sinn hafi poki af rúsinum í Kaupfélaginu lækkað örlítið í verði eftir að hafa legið þar ósnertur í á þriðja ár einhvern tímann á ofanverðri seinustu öld en af öðrum verðlækkunum hefur varla heyrst í háa herrans tíð. Matur er alltof dýr á Íslandi. Alltof hátt hlutfall af tekjum launafólks fer í að kaupa í kvöldmatinn, einfaldan mat; grænmeti, kjöt og fisk, ávexti, hafgrjón, kannski ost. Stjórnarliðinu finnst þó ekki nóg að gert og hyggst hækka verðið á matnum með sérstakri skattlagningu – en þó eingöngu á hollum mat – enda sumar tekjulindir nærtækari en aðrar. Engu er líkara en að sjálfur Glanni glæpur sé orðinn fjármálaráðherra. Óhollur matur verður lækkaður í verði samkvæmt sérstakri manndisbefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla að sem mestu

sykuráti á meðal landsmanna, enda þjóðin hvergi nærri nógu feit og betur má ef duga skal ef á að ná kókdrykkjumarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Framsóknarmenn hafa að visu sett fyrirvara við þessi áform. Það tákna, eins og við vitum, að Sjálfstæðismenn eiga að taka á sig sökina af þessum álögum á mat – þ.e.a.s. holla matinn. Reyndar hafa snjallir menn sýnt fram á með mikilfenglegum hlutfallareikningi að matarhækkunin komi ekkert verr við fátækt fólk en ríkt, en það dæmi er því miður gersamlega ofviða gömlum fallista í reikningi.

Talaðu við mig eftir helgi

Ekki þarf að fara í grafgötur um þann hug til mennta og lista sem ríkisstjórnin telur sér skylt að sýna í þessu fjárlagafrumvarpi. Það hefur lengi tíðkast við gerð fjárlaga hér á landi að vera lítið að stressa sig yfir lögbundnum skuldbindingum um framlög ríkisins, rétt eins og lög frá alþingi séu bara eins og hvert annað blogg, sem megi svo sem hafa gaman af en þurfi ekki að taka alvarlega. Þannig hafa nú afglarnir sem samþykktu að Ríkisútvarpið skyldi fremur treysta á slíkar efndir en að geta gengið að sínu afnotagjaldi vísu komist að því fullkeyttu að lögbundin gjöld til þeirrar stofnunar munu aldrei skila sér og þess kann að vera skammt að biða að Sigvaldi Júlíusson verði neyddur til að rappa tilkynningarnar, svo að Rás eitt geti borgað honum kaupíð.

Við þekkjum lögleysurnar og undanbrögðin við fjárlagagerð og erum kannski orðin samdauna þessum ósiðum, en það verður varla sagt um þá aðila í Hollywood sem voru þeir kjánar að falla fyrir gylliböðum íslenskra stjórnvalda um endurgreiðslu virðisaukaskatts, kæmu þeir hingað með framleiðslu sína. Nú er sem sé ríkissjóður Íslands orðinn eins og hver annar skuldseigur íslenskur umsvifamaður með rassvasabókhald, sem biður menn að hringja eftir helgi; þá verði kannski komið eitthvað. Kvikmyndaframleiðendunum er nú sagt að þeir fái ekki lögboðna endurgreiðslu fyrr en kannski seinna – hringdu í mig eftir helgi. Má geta nærri um þær afleiðingar sem þetta á eftir að hafa fyrir þá öflugun en viðkvæmu starfsemi sem vaxið hefur í kringum þjónustu við kvikmyndagerðina; og hefur skapað ómæld störf víða um land, veitt fjármagni og lífi inn í byggðarlög sem búa við fábreytt atvinnulíf og gefið íslensku fagfólki í greininni ómetanlegt tækifæri til að þroska sig til frekari afreka. Allt er það í uppnámi og ekki þarf heldur að fara í grafgötur með það hvaða afleiðingar þetta háttalag mun hafa fyrir orðspor landsins.

Og blessaðar bókmenntirnar. Þær hafa fylgt þessari þjóð frá elstu tíð, sögur og ljóð, orðlist, allt frá því að fyrstu landnásmennirnir fóru orði um landið og nefndu það – og gegnum aldirnar, fram á okkar daga. Hvað sem hver segir eru Íslendingar bókaþjóð og mega alveg hafa þá sjálfsmynd. Og þetta að skrifa og hugsa á íslensku – aðrar þjóðir geta því miður ekki tekið það að sér fyrir okkur.

Flestir Evrópuþjóðir styðja við sína bókmenntasköpun, skilja

hversu mikilsverður hluti það er af menningarlífi þeirra og hið sama hefur gilt hér á landi, burt séð frá hægri og vinstri. Það er svo margt sem glepur fólk um þessar mundir – athyglisræningjarnir eru við hvert fótmál.

Bókaútgáfan þarf kannski ekki beinlínis á stuðningi yfirvalda að halda núna – en hún þarf heldur ekki á því að halda að rekstrargrundvellingnum sé kippt undan henni. Og ástandið verði þannig að þjóðin eigi aðeins eina bók, og hún sé hvít.

Við þekkjum lögleysurnar og undanbrögðin við fjárlagagerð og erum kannski orðin samdauna þessum ósiðum.

Járnsmiðavélar á verði sem gleður

- fyrir fagfólk í léttum iðnaði og minni verkstæði

Rennibekkir, standborvélar, bandsagir, hjólsagir, bandslípivélar, beygjuvélar, röravalsar, legupressur, fjöklippur, sandblásturstæki og margt fleira.

Sýningarvélar á staðnum og rekstrarvörur að auki

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IDN VÉLAR

RENIBEKKUR 300-550 mm **65.958 kr.**

JÁRNKÚTTARI 130 mm rör **88.101 kr.**

BANDSÖG **67.522 kr.**

ECO SLÍPIVÉL **16.190 kr.**

VERKFÆRATASKA m/86 stk **36.315 kr.**

FJÖLBEYGIJUVÉL **50.110 kr.**

BANDSÖG 125 mm **75.000 kr.**

SANDBLÁSTURSKASSI **29.900 kr.**

IDN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

AF NETINU

Skandinavaráðherra



Í gær mættust í kappdráttum Fredrik Reinfeldt forsætisráðherra, leiðtogi Moderata samlingspartiet, og forsætisráðherraefnið Stefan Löfven, formaður Sósíaldemókrataflokksins.

Ef einhverjir bjuggust við því að þessar kappdráttur yrðu spennandi, þá urðu hinir sömu fyrir vonbrigðum. Í frétt Politiken í Danmörku segir að þeir hafi verið sammála um flest. Þannig er pólitíkin í Skandinavíu – ekki jafn stríð og hér á Íslandi. Menn geta verið ósammála án þess að sé eins og ágreiningurinn snúist um himnaríki og helvíti.

<http://www.ejjan.pressan.is/silfuregils>

Egill Helgason sjónvarpsmaður

AF NETINU

Besta ræðan frá VG



Notalegt að heyra formenn stjórnarflokka tala til allra landsmanna en ekki eingöngu til eigin kjósenda eins og var áberandi hjá

forystumönnum stjórnarandstöðunnar. Sumir voru meira í almennu kaffihúspjalli en gerðu það svo sem ágætlega. Og hafi einhver verið í vafa um að forystumaður Pírata væri róttækur vinstriósíalisti hvarf sá efi í umræðunum í gær. Best og heiðarlegust fannst mér þó ræða nýja þingmannsins í VG. Mætti samt halda að ræðan hefði verið fengin að láni frá einhverjum þeirra sem voru í samarbúðum í Austur-Pýskalandi í byrjun áttunda áratugarins.

<http://www.pressan.is>

Brynjar Níelsson alþingismaður

Beltone **First™**

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First™** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

Fræðilegt fyrir **iPod** **iPhone** **iPad**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyrja Apple Inc. skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

MERKISATBURÐIR

- 1604** Svíar biðu ósigur fyrir Pólsk-litháíska samveldinu í orrustunni við Weissenstein.
- 1647** Brynjólfur Sveinsson biskup fékk Flateyjarbók að gjöf.
- 1929** Kvæðamannafélagið Iðunn var stofnað.
- 1947** Átta ára stúlka, Þórunn S. Jóhannsdóttir, hélt sína fyrstu píanótónleika í Reykjavík og var sögð undrabarn.
- 1962** BSRB gerði sinn fyrsta kjarasamning við ríkið.
- 1967** Sjónvarpsútsendingar varnarliðsins á Keflavíkflugvelli voru takmarkaðar við flugvallarsvæðið og næsta nágrenni.
- 1967** Þjóðgarður var stofnaður í Skaftafelli.



1972 Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi alþingismaður, ráðherra, bankastjóri og forseti Íslands frá 1952 til 1968, lést 78 ára að aldri.

1981 Út af Rit veiddist risalúða sem reyndist vera 268 sentimetra löng og vó yfir fjórðung úr tonni.

1985 Sif Sigfúsdóttir var kjörin fegurðardrottning Norðurlanda, en hún var þá 17 ára gömul.

1994 Helgi Áss Grétarsson varð heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri og varð jafnframt stórmeistari í skák.

2000 Sumarólympíuleikar settir í Sydney.

ÞETTA GERÐIST 15. SEPTEMBER 1994

Íslenskur heimsmeistari í skák

Helgi Áss Grétarsson varð heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri þennan dag árið 1994. Heimsmeistaratótið fór fram í Brasilíu og fyrir síðustu umferðina ríkti gífurleg spennan. Efst og jöfn með átta vinninga voru þrjú ungmenni: Helgi Áss, ungerska stúlkan Soffía Polgar og hinn þýski Christopher Gabriel, sem var annar tveggja keppenda mótsins sem þegar höfðu náð stórmeistaratitli. Soffía Polgar tefldi við Spangenberg frá Argentínu og lauk þeirri skák með jafntefli.

Helgi Áss og Gabriel mættust í úrslita-

skákinni. Helgi Áss hafði hvítt og upp kom drottningarbragð. Skákin varð strax æsispennandi og báðir urðu knappir á tíma í lokin.

Í þokkalegri stöðu tók Gabriel þá örlagaríku ákvörðun að fórnna drottningunni og það varð honum að fótakefli. Helgi náði yfirhöndinni með því að gefa sína til baka og verða þessi yfir í endatafli. Hann tefldi af miklu öryggi og varð fyrsti Íslendingurinn til að vinna sigur í flokki 20 ára og yngri, aðeins sautján ára að aldri. Með heimsmeistaratitlinum var hann útnefndur stórmeistari.



MED VERÐLAUNAGRIP EFTIR INGU ELÍNU Davíð Antonsson, Jökull Júlíusson, Rubín Pollock og Daníel Ægir Kristjánsson eru í hljómsveitinni Kaleo.

Heiður og stuðningur

Hljómsveitin Kaleo hefur verið útnefnd bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2014. Í henni eru fjórir ungir menn sem deila þessum heiðri og eru stoltir af og ánægðir með heimabæinn.

„Við erum hreyknir af þessari útnefningu. Í henni felst mikill heiður og stuðningur sem okkur er mikilvægur í okkar heimabæ. Bærinn útvegaði okkur líka æfingaaðstöðu þegar við vorum að byrja og það kom sér mjög vel,“ segir Davíð Antonsson, einn fjórmenninganna í hljómsveitinni Kaleo en hún telst í heild sinni bæjarlistamaður Mosfellsbæjar þetta árið. Með Davíð eru þeir Jökull Júlíusson, Daníel Ægir Kristjánsson og Rubín Pollock í sveitinni.

Kaleo skaust upp á stjörnuhimininn

árið 2013. Hún hefur tekið þátt í Músíktílaunum, spilað á risatónleikum Rásar 2 á Menningarnótt, komið fram á Airwaves ásamt því að spila á tónleikum í Mosfellsbæ og víða um land. Hún kom einnig, sá og sigraði á Hlustendaverðlaununum 2014 sem fram fóru í Háskólabíói. Þar vann hún til þrenna verðlauna. Loks hefur fyrsta plata sveitarinnar selst í yfir 5.000 eintökum og er því komin í gull.

„Við erum í smá frí þessa dagana en eftir það förum við beint til London og spilum þar mjög athyglis-

vert gigg fyrir Bob Gruvin, frægan rokkhljómsmyndara. Sá tók meðal annars fræga mynd af Led Zeppelin við einkaþotuna og bjó með John Lennon á tímabili í New York. Hann ætlar að mynda okkur líka,“ segir Davíð kampakátur. „Það er ýmislegt í gangi, ekki kannski rétti tíminn til að sleppa frá sér einhverjum fréttum í smáatriðum en það er margt í bígerð hjá okkur. Við erum til dæmis að vinna að nýrri plötu en hún kemur ekki út fyrr en á næsta ári.“

gun@frettabladid.is

Hamrabrekkan breytir um svip

Vegfarendur í miðbæ Kópavogs hafa vafalaust tekið eftir því að ásýnd húsanna við Hamrabrekku, norðan megin Hamraborgar, hefur breyst og lifnað við að undanförunu. Nýlega fæddist þar andlit Kópavogsskáldsins, Jóns úr Vör, eftir ástralska listamanninn Guido Van Helten en fyrr í sumar birtist þar verk eftir listakonuna Kristínu Þorlákssdóttur, sem er vísun í ljóð Kópavogsskáldsins og ber heitið Ómáluð mynd.

Guido hefur áður málað andlitsmyndir á veggum í Vesturbæ Reykjavíkur og hefur líka gert vegglistaverk í Vestmannaeyjum og á Akureyri. Verk hans prýða einnig húsveggi í London, Melbourne, Dublin og Edinborg.

Kristín Þorlákssdóttir hefur líka lagt áherslu á götulist og má sjá verk eftir hana í miðbæ Reykjavíkur og í Vestmannaeyjum. Hún stundar nú myndlistarnám í Toronto í Kanada.



KÓPAVOGSSKÁLDIÐ Jón úr Vör horfir íbygginn yfir Hamraborgina.



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,
ÓLÖF BIRNA KRISTÍNARDÓTTIR
frá Bessastöðum,

sem lést á Landspítalanum mánudaginn 8. september verður jarðsöngin frá Melstaðarkirkju í Miðfirði föstudaginn 19. september kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er vinsamlega bent á sjóð til styrktar fjölskyldu hennar, kt. 040284-3119, rknr. 0582-15-081678.

Kristinn Freyr Þórrson
Kristín Helga Kristinsdóttir
Ólöf Erla Kristinsdóttir



Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Graníthöllinni

Graníthöllin
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888



LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GLÓKOLLAFERÐ

Fuglavernd verður með fuglaskoðun í Fossvogi á morgun í tilefni Dags íslenskrar náttúru. Skoðaðir verða glókkollar, barrfinkur og krossnefir. Glókkollur er minnsti fugl Evrópu. Mæting klukkan hálfsex á bílastæðinu við Fossvogskirkju. Gangan tekur klukkutíma.

GEZE



Sjálfvirkur hurðaropnarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

NÝ OG ÁHRIFARÍK LAUSN VIÐ HÖFUÐLÚS

ARTASAN KYNNIR Paranix. Höfuðlús er orðin mikið vandamál í skólum og leikskólum landsins. Rannsóknir sýna að vörurnar frá Paranix eru mjög áhrifaríkar við höfuðlús. Lýsnar geta ekki myndað mótstöðu gegn efnunum vegna þess hvernig þau virka.

Dæmi eru um að foreldrar hafi fengið send bréf strax í fyrstu viku skóla í haust um að lúsín væri komin á kreik. Vandamálið hefur verið viðloðandi síðustu ár og því nauðsynlegt að taka fast á málunum,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölu-lyfja hjá Artasan, sem flytur meðal annars inn Paranix, mjög áhrifaríkt efni við lús.

„Paranix er bæði til sem spreng og sjampó og getur fólk því valið hvort hentar því betur,“ segir Þórhildur og bendir á að rannsóknir hafi sýnt að Paranix sé mjög áhrifaríkt. „Paranix er ekki lyf heldur er virkni þess tæknilegs eðlis. Það virkar þannig að samverkandi áhrif innihaldsefnanna loka inni lús og nit sem deyja við það að kafna og þorna upp,“ útskýrir hún en þar sem meðferðin er tæknilegs eðlis geta lýsnar ekki myndað mótstöðu gegn Paranix.

Vandaðir stálkambur fylgja lúsaefnunum frá Paranix en Þórhildur bendir á að Paranix sé einnig á hagkvæmara verði miðað við aðrar lausnir. „Við erum einnig með stærri pakkningar og því fær neytandinn meira fyrir minna.“



KOSTIR PARANIX:

- Einfalt og öruggt í notkun.
- Dreypur höfuðlús og nit á 10-15 mínútum.
- Lúsín getur ekki myndað ónæmi gegn Paranix.
- Án skordýraeitturs.
- Stálkambur fylgir.

SÖLUSTAÐIR

Paranix fæst í apótekum um land allt.



ÞÓRHILDUR EDDA ÓLAFSDÓTTIR
Sölufulltrúi lausasölu-lyfja hjá Artasan.

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lantökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð
153x203
160x200
180x200
180x210

Verð
144.900 kr.
149.900 kr.
169.900 kr.
179.900 kr.

SÁPA ÚR SALTÍ

HEIMILI *Thelma Hrund Benediktsdóttir bjó til sápu úr hráefnum sem urðu afgangssalt til aðra framleiðslu á Reykhólum, sem lokaverkefni sitt frá LHÍ.*

Mig langaði til að sjá hvernig salt væri búið til og skoðaði saltverksmiðjuna á Reykhólum, Norður-salt. Meðan eigendurnir útskýrðu fyrir mér vinnsluferlið rak ég augun í litla fötu úti í horni og spurði hvað væri í henni. Það var afgangssalt sem ekki er nýtt í framleiðsluna þar sem það er ríkara af magnesíum og því öðruvísi á bragðið. Ég ákvað að finna þessu afgangssalti tilgang.

Þannig lýsir Thelma Hrund Benediktsdóttir vörühönnuður upphafinu á lokaverkefni sínu frá Listaháskóla Íslands en hún útskrifaðist síðastliðið vor. Lokaverkefnið varð húðsápa úr náttúrulegum efnum sem nánast öll falla til við aðra framleiðslu.

„Ferlið var í raun tilviljunarkennt og eitt leiddi af öðru en þó liggur mikil rannsókn að baki. Ég var ekki alltaf að hugsa um sápu sem lokaafurð, það er margt annað hægt að gera við salt en við saltframleiðsluna á Reykhólum er heita vatnið sem kemur frá þörungaræktinni við hliðina nýtt og þegar búið er að nýta vatnið í saltframleiðslu er það fimmtíu gráðu heitt en það er akkúrat hitinn sem þarf til að búa til sápu. Í sápugetu þarf einnig vítissóða en hann get ég búið til úr salti. Þetta vann því allt saman.“



VÖRUHÖNNUÐUR Thelma Hrund Benediktsdóttir bjó til sápu úr salti sem lokaverkefni frá LHÍ.

Sápan inniheldur tólg, þörung, salt og repjuolíu en repjuolían er eina efnið sem ekki er frá Reykhólum.

„Ég nota bæði harða og mjúka fitu í sápu, repjuolíu sem kemur frá Þorvaldseyri fyrir austan. Ég er að vinna í því að finna leið til að sleppa olíunni og geta þannig notað hráefni sem öll koma frá Reykhólum. Í framhaldinu væri draumurinn að sápan yrði aukaframleiðsluvara í saltverksmiðjunni þar sem hægt væri að nýta hluti sem eru til staðar en ekki nýttir sem stendur,“ útskýrir Thelma.



VERKSMÍÐJA Kveikjan að lokaverkefni Thelmu var heimsókn í saltverksmiðjuna á Reykhólum.



SÁPA Thelma nýtti afgangshráefni sem féll til við aðra framleiðslu í sápugetuna.



LOKAVERKEFNI Thelma sýndi framleiðsluferlið við sápugetuna á útskriftarsýningunni í vor og stillti meðal annars hráefnunum upp á borð.

METSÖLUHÖFUNDUR Á CAFÉ ROSENBERG Í KVÖLD



Höfundur metsölubókarinnar *Náðarstund* (*Burial Rites*), hin ástralska Hannah Kent, verður gestur á baðstofukvöldi Forlagsins á **Café Rosenberg í kvöld kl. 20.00.**

Komið og hittið þessa mögnuðu ungu konu sem hefur breytt sýn okkar á eitt alræmdasta sakamál Íslandssögunnar!

„Ótrúleg bók sem ég sat límdur við ... Vatnsdalurinn verður aldrei samur.“

HALLGRÍMUR HELGASON

SJÁUMST!
FORLAGIÐ



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



ERTU TILBÚIN FORSETI? Sýning á fatnaði og fylgihlutum Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, hefur verið framlengd í Hönnunarsafni Íslands fram yfir áramót.

FÖT VIGDÍSAR ÁFRAM TIL SÝNIS

Sýningin Ertu tilbúin frú forseti? þar sem sýndur er fatnaður og fylgihlutir frú Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta Íslands, hefur verið framlengd fram yfir næstu áramót. Sýningin í Hönnunarsafni Íslands hefur notið mikilla vinsælda og samkvæmt frétt á vef safnsins hefur mikil aukning orðið á því að vinnustaða- eða vinahópar taki sig saman og panti sér leiðsögn.

Þá hafa börn frá leikskólaaldri og upp úr fengið sérsniðnar leiðsagnir þar sem saga Vigdísar er sögð og farið yfir hefðir og reglur er tengjast klæðaburði með skemmtilegu ívafi.

Síðar í haust verður boðið upp á fyrirlestra og leiðsagnir sérfræðinga og verður það auglýst sérstaklega á heimasíðu safnsins www.honnunarsafn.is og á Facebook.



GLÆSIKJÓLAR Af nægu er að taka á sýningunni.

MYND/GVA

BAÐHERBERGI

MÁNUDAGUR 15. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað Álfaborg, S. Helgason, BYKO og Papco.

Heildarlausnir fyrir baðherbergið

Í Álfaborg fæst allt sem þrýða má fallett baðherbergi. Verslunin er þekkt fyrir glæsilegt flísaúrval en býður einnig upp á traust, falleg og vönduð hreinlætistöki, sturtuklefa, parket, teppi og dúka sem nú njóta æ meiri vinsælda á gólf og vegg baðherbergja.

Álfaborg þekkja nú flestir,“ segir Ragnar Már Valsson, ráðgjafi hjá Álfaborg sem býður heildarlausnir fyrir baðherbergið.

Fyrirtækið var stofnað 1986 af núverandi eigendum sem hafa alla tíð boðið vöruúrval frá traustum og vönduðum framleiðendum.

„Álfaborg er þekktust fyrir sitt mikla flísaúrval en fyrirtækið verslar með ýmsar aðrar gerðir af gólfefnum, eins og parket, dúka og teppi,“ útskýrir Ragnar.

Fyrir fáeinum árum rann fyrirtækið Baðheimar inn í Álfaborg og jókst þar með vöruúrval af hreinlætistökjum.

„Eins og í öðrum vöruflokkum einbeittir Álfaborg sér að fáum og traustum framleiðendum,“ segir Ragnar. „Má þar helst nefna Villeroy & Boch, Tece, Bossini og Pallazani sem allt eru áreiðanlegir framleiðendur sem viðskiptavinir okkar þekkja að góðum gæðum og sanngjörnum verðum.“

Með eldri útgáfur á lager

Álfaborg býður upp á afar breitt úrval af flísum en þær helstu eru frá Porcelanosa og Venis frá Spáni, Imola, Marazzi og Piemme frá Ítalíu og Nordceram frá Þýskalandi.

„Undanfarin ár hefur mikil vinna farið í að bregðast við breyttum markaði og einn liður í því var að skoða birgja okkar og kanna hversu áreiðanlegir þeir eru

til næstu tíu til tuttugu ára. Mikill árangur hefur náðst í þeirri vinnu og skilar sér í betri vörum til viðskiptavina okkar,“ segir Ragnar, sem fær reglulega til sín viðskiptavinir sem eru að bæta eða breyta og vantar viðbót á flísum.

„Þá er mjög líklegt að við eigum til viðkomandi flísar og uppskerum vitaskuld mikið þakklæti fyrir.“

Spennandi nýjungar á leiðinni

Ragnar segir Álfaborg fylgjast vel með hvers kyns straumum og stefnum í flísatískunni.

„Starfsfólk Álfaborgar fer að minnsta kosti tvisvar á ári á sýningar erlendis og í næstu viku förum við á stóra flísaýningu í Bologna á Ítalíu. Viðskiptavinir Álfaborgar geta því átt von á spennandi nýjungum næstu mánuði.“

Eins og áður hefur komið fram býður Álfaborg heildarlausnir fyrir baðherbergi.

„Viðskiptavinir geta komið til okkar í verslunina og meðal annars fengið ráðgjöf um hvernig flísar henta rýminu, hvort betra sé að velja innfelld sturtutæki eða hefðbundin og hvort velja skuli sturtugler, sturtuhorn eða jafnvel heilan sturtuklefa. Álfaborg býður upp á vandaða sturtuklefa frá danska framleiðandanum Dansani og hafa lausnir frá þeim reynst afar vel á íslenskum heimilum og sumarhúsum.“



Ragnar Már Valsson er söluráðgjafi hjá Álfaborg sem býður glæsilegar heildarlausnir fyrir baðherbergi.

MYND/GVA

Vegg- og gólfdukar í tísku

Flísar eru gjarnan valdar til að þrýða gólf eða vegg baðherbergja en Ragnar segir nú færast í aukana að nota dúka á gólf og vegg.

„Sú lausn er reyndar mest notuð

í sérhæfð verkefni eins og hjúkrunar- og gistiheimili þó svo að æ fleiri viðskiptavinir Álfaborgar hafi áttað sig á möguleikum dúka til notkunar á baðherbergjum,“ upplýsir Ragnar í Álfaborg sem er

sérstaklega sterkt í gegnheilum öryggisdúkum frá sænska framleiðandanum Tarkett.

Allar nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Álfaborgar má finna á www.alfaborg.is.

PORCELANOSA flísar fyrir vandláta

 **ÁLFABORG**

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Fallegt baðherbergi eykur sölumöguleika íbúðarinnar

Ástand og útlit baðherbergisins skiptir miklu máli þegar fólk veltir fyrir sér íbúðarkaupum. Ef baðherbergið er nýuppgert á smekklegan hátt eykur það verðgildi eignarinnar. Gott er að forðast tískubólur þegar endurbætur fara fram.

Finnbogi Hilmarsson hjá fasteignasölnni Heimili segir að það fari svolítið eftir eiginleika húsnæðisins hvort baðherbergið sé lítið eða stórt. Litlar, eldri íbúðir eru oft með mjög lítil baðherbergi. „Nauðsynlegt er að koma hlutum haganlega fyrir í litlum baðherbergjum. Vel skipulagt og uppgert lítið baðherbergi hefur mikið að segja í söluferli,“ segir Finnbogi. „Í stærri íbúðum skiptir verulegu máli að baðherbergið sé rúmgott.“

Hann segir marga kaupendur gera kröfur um að koma þvottavél fyrir í baðherberginu. Sérstaklega á það við í eldra húsnæði. „Með góðu skipulagi er oft hægt að koma því við að þvottahús og baðherbergi séu sameinuð.“

Finnbogi segir enga spurningu að nýuppgert baðherbergi eða endurnýjað hafi áhrif á sölu. „Gott er þegar tæki hafa verið endurnýjuð en enn betra ef einhverju hefur verið bætt við að auki, til dæmis innréttingum og flísum. Ef notuð eru vönduð, dýr efni eða ef innanhússarkitekt hefur komið að skipulagi þá eykur það verðgildi eignarinnar til muna.“

Kaupendur hafa í auknum mæli óskað eftir tveimur baðherbergjum í fjölbýlishúsum. Í nýjum fjölbýlishúsum hefur framboð aukist á þess konar lúxus. „Þetta er sérstaklega í íbúðum sem ætluð eru eldri kaupendum. Oft er sérherbergi inn af hjónaherbergi í þeim íbúðum. Krafa er orðin sú að tvö baðherbergi séu til staðar en þannig er það í öllum sérbýlum,“ segir Finnbogi.

Ákveðinn hópur kaupenda horfir fyrst og fremst á eldhúsið en annar gerir kröfur um gott baðherbergi. „Flestum finnst frábært ef baðherbergið



Fallegt baðherbergi eykur verðgildi eignarinnar. Gæta verður þess að endurbætur séu stílhreinar og fallegar.

hefur verið endurnýjað þar sem fólki óar frekar við endurbótum á því en eldhúsi. Það er því mikill kostur ef þær framkvæmdir hafa þegar átt sér stað.“

Mikilvægt er að fólk geri baðherbergið upp á stílhreinan og klassískan hátt. Ósmekklegar flísar geta stuðað þá sem eru í kaughugleiðingum. „Hröplegur ljótleiki er fráhrindandi,“ segir Finnbogi og bætir við: „Gott er að forðast tískubólur.“



Finnbogi Hilmarsson fasteignasali



Mikið er lagt í sum baðherbergi og lúxusinn allsráðandi.

Mikið úrval fyrir baðherbergið

Keramikhofið
sími 869 3774

Fylstu með okkur á

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
 Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Ábendingahnappinn
 má finna á
www.barnaheill.is

S A F T

Líflegar morgunstundir

17.950,-

STORJORM spegill með lýsingu
Innbyggð LED lýsing. B80xH60cm. Hvítt

**ENUDDEN hand-
klæðaslá 1.250,-**
L40xH22cm. Hvítt

LOSJÖN hnúðar 1.250,-/5 í setti
Ýmsir litir

**TVINGEN þvotta-
stykki 290,-**
B30xL30cm. Hvítt/gult

DALSKÄR blöndunartæki 12.950,-
H18cm. Krómhúðað látún

LOSJÖN sápuþiskur 590,-
Ø11, H6,5cm. Hvítt/gult

**LOSJÖN kanna
f/tannbursta 590,-**
Ø8, H12cm. Hvítt/bleikt

ODENSVIK handlaug 21.950,-
B100xD49, H6cm. Hvítt

39.950,-

GODMORGON vaskaskápur með 2 skúffum
B100xD47, H58cm. Háglans hvítt

**HÄREN hand-
klæði 390,-**
B40xL70cm
Appelsínugult
Einnig til í fleiri litum

**FRÄJEN handklæði
790,-/stk.**
B40xL70cm. Túrís
eða rautt
Einnig til í fleiri litum

4.950,-

GLOTTEN trappa
B40xD46, H34cm. Gult/hvítt

TOFTBO baðmottur 1.890,-/stk.
B60xL90cm. Appelsínugult
Einnig til í fleiri litum



Steinninn fegrar baðherbergið

Fyrirtækið S. Helgason selur ýmsar vörur á baðherbergið sem framleiddar eru úr steini. Baðherbergishandlaugar úr steini hafa slegið í gegn og aðrar útfærslur hafa vakið mikla lukku. Í björtum sýningarsal fyrirtækisins í Kópavogi geta viðskiptavinir kynnt sér úrvalið og lausnirnar.

Fyrirtækið S. Helgason hefur um langt skeið selt fallegar handlaugar, flísar og borðplötur úr steini inn á baðherbergi landsmanna. Fyrirtækið sérsmíðar meðal annars fallegar baðherbergishandlaugar úr náttúrusteini og kvasi sem hafa slegið í gegn enda sameinast þar bæði falleg hönnun og mikið notagildi að sögn Ægis Ólafssonar, rekstrarstjóra S. Helgasonar. „Þetta eru gullfallegir vaskar sem við sérsmíðum fyrir viðskiptavinum okkar. Þeir hafa þá kosti umfram hefðbundna vaska og borðplötur að raki og bleyta vinna ekki á þeim og því þarf ekki að skipta þeim út síðar meir. Auk þess er miklu þægilegra að þrifa þá og svo eru þessir vaskar auðvitað miklu fallegri en hefðbundnir vaskar.“

Steinvaskarnir nýta plássið betur að sögn Ægis og því einstaklega hentugir í minni baðherbergi þar sem huga þarf vel að nýtingu plássins en starfsmenn S. Helgasonar veita ráðgjöf varðandi bestu nýtingu rýmisins í baðherbergjum. Steinvaskana er hægt að fá í fjölmörgum litum þótt þeir hvítu og svörtu séu vinsælastir.

Skemmtilegar lausnir

Fyrirtækið býður auk þess upp á úrval skemmtilegra lausna fyrir baðherbergið. „Við seljum úrval af flísum á gólf og veggjum auk flísa í sturtuklefan. Einnig bjóðum við upp á skemmtilegar lausnir þegar kemur að því að klæða klósett-kassann. Hægt er að flísaleggja hann en einnig nota heilar plötur til dæmis frá Stone Italiana en þeir bjóða upp á efni sem er einungis 13 mm þykkt og hentar því vel á fleti sem þessa. Það hefur einnig færst í vöxt að fólk rammi inn baðkarið með steini og steinn ofan á baðkar setur punktin yfir i-ið á fallegu baðherberginu.“


Innfluttu steinarnir sem S. Helgason vinnur með eru úr graníti, marmara og kvasi og koma þeir víðs vegar að úr heiminum, til dæmis frá Ítalíu, Noregi og Indlandi, auk þess sem fyrirtækið framleiðir einnig flísar, borðplötur og vaska úr íslenskum steini.

Sýningarsalur S. Helgasonar við Skemmuveg 48 í Kópavogi er rúmgóður og bjartur og þar geta viðskiptavinir kynnt sér úrvalið og lausnirnar. Þar má meðal annars finna sýnishorn af sérsmíðuðum handlaugum í ýmsum litum og fá ráðgjöf frá reynslumiklum starfsmönnum fyrirtækisins.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.shelgason.is.



Handlaugar úr náttúrusteini og kvasi hafa slegið í gegn.



Hér sameinast bæði falleg hönnun og mikið notagildi.

„Þetta eru gullfallegir vaskar sem við sérsmíðum fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Ægir Ólafsson, rekstrarstjóri S. Helgasonar.
MYND/ANTON

Minna mál en margur heldur

Upphengd salerni hafa marga kosti fram yfir gólföst. Þau eru fyrirferðarminni og það er auðveldara að þrifa í kringum þau. Þau þykja jafnframt smart. Að sögn Guðmundar Páls Ólafssonar, formanns Félags pípulagningameistara, er ekki endilega nauðsynlegt að taka allt baðherbergið í gegn þótt vilji sé til að skipta úr gólföstu í upphengt salerni og er það oft minna mál en margur heldur.



Guðmundur segir kostnaðinn við að skipta úr gólföstu í upphengt salerni ekki þurfa að vera mikinn. Hægt er að kaupa vandaða pakka sem innihalda klósett-skál, hnapp og lögn á um 50-60 þúsund en til viðbótar þarf að reikna með vinnu iðnaðarmanna.

„Þetta fer svolítið eftir því hvar niðurfallið er staðsett og hvort um er að ræða salerni á neðstu hæð húss eða á efri hæðum. Ef niðurfallið er nálægt veggnum getur verið nóg að fjarlægja gamla salernið, smíða kassa utan um niðurfallið og tengja nýja salernið í sama niðurfall,“ segir Guðmundur.

„Sé það langt frá vegg getur kassinn hins vegar orðið óþarflega fyrirferðamikill. Þá getur reynst nauðsynlegt að brjóta upp gólfíð og færa niðurfallið nær veggnum. Það er lítið mál á neðstu hæð en meira fyrirtæki á efri hæðum.“

Guðmundur mælir með því að skipt sé við viðurkenndar lagna-verslanir en hann segir hægt að kaupa vandaða pakka sem innihalda salernisskál, hnapp og lögn frá um 50-60 þúsund krónum. Með vinnu pípulagningamanns og flísalagningarmann gæti verkið í heild kostað frá 150.000

” Ef niðurfallið er nálægt veggnum getur verið nóg að fjarlægja gamla salernið, smíða kassa utan um niðurfallið og tengja nýja salernið í sama niðurfall.

krónum, en það fer auðvitað allt eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig og hversu mikið fólk vill leggja í framkvæmdina. Margir nota jú tækifærið og skipta um annað í leiðinni.

Guðmundur segir nauðsynlegt að fá pípara til að tengja salernið. „Ég hef komið að frágangi annarra en fagmanna og það er ekki fögur sjón. Óvandaður frágangur býður líka hættunni heim og getur kallað á leka og ýmis önnur vandamál.“



Upphengd salerni eru fyrirferðarminni en gólföst. Það er jafnframt auðveldara að þrifa í kringum þau.



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboji Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN **BÆR**
www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali



Efstasund 81

Opið hús miðv. 17. sept.
kl. 17:30-18:00

Kaplaskjólsvegur

33,9 m

49,9 m



- TVÍBYLISHÚS (68,25% af heildareign hússins)
- 4 rúmgóð SVEFNHERBERGI og 2 baðherbergi
- 41,8 FM BÍLSKÚR
- Töluvert endurnýjað hús. Sérinnangangur
- Skráð 166,9 fm + bílskúr 41,8 fm. Samtals 208,7 fm
- Stór garður og sólskáli.
- 4 herbergja - 3 SVEFNHERBERGI
- 87,3 fm íbúð
- Endurnýjað eldhús 2004
- Endurnýjað baðherbergi 2012
- Endurnýjuð gólfefni 2012
- Stórframkvæmdir utanhúss 2014
- Seljandi tekur kostnað.

elin@fasteignasalan.is

Sími: 695 8905

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Glæsilegt einbýli í Viðjugerði

HÍBYLI Fasteignasala, s. 585-8800 kynnr: Glæsilegt 290,8 fm einbýlishús á tveimur hæðum á eftirsóttum stað. Opið hús að Viðjugerði 7 í dag milli kl. 17 og 18.

Komið er inn í anddyri með fatahengi. Stórt hol með norskri steinskífu á gólfi, þaðan er gengið upp á efri hæðina. Einnig út í skjólgóðan garð með stórra verönd, stórir gluggar sem ná yfir báðar hæðir.

